



BA í lögfræði

Beiting 1. mgr. 232. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940 í málum er varða
ofbeldi í nánum samböndum

Maí, 2022.

Nafn nemanda: Laufey Ýr Birkisdóttir.

Kennitala: 020199-3429.

Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir.

Útdráttur

Beiting 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum.

Ofbeldi í nánnum samböndum er samfélagsmein. Nauðsynlegt er að gerendur hljóti viðeigandi refsingar þar sem að mannréttindi þolenda eru skert með ofbeldinu. Úrræðin nálgunarbann og brottvísun af heimili er að finna í ákvæðum laga nr. 85/2011 og er þeim ætlað að vernda þolendur. Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, er að finna viðurlögin við brotum gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili. Reglu þessa er að finna í 1. mgr. 232. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að viðurlögin við brotum sem þessum eru sektir eða fangelsi allt að einu ári en sé brotið stórfellt eða ítrekað getur fangelsisrefsing orðið allt að tveimur árum.

Í ritgerðinni verður leitast við að svara þeirri spurningu hvort viðurlögin við brotum gegn nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili veiti þolendum ofbeldis í nánnum samböndum nægjanlega vernd. Raktir verða dómur og úrskurðir þar sem fallist er á beitingu nálgunarbanns eða brottvísunar af heimili og dómur þar sem ákært hefur verið fyrir brot gegn úrræðunum. Ísland sækir gjarnan, líkt og kunnugt er, fyrirmyndir að lagasetningu til Norðurlandanna og telst því við hæfi að gera grein fyrir viðurlögum við brotum gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili í þeim löndum. Niðurstaðan er í grófum dráttum sú að þolendur ofbeldis í nánnum samböndum sem hafa fengið nálgunarbann á geranda, upplifa verndina sem úrræðin og yfirvöld veita litla sem enga. Refsingar eru gjarnan skilorðsbundnar og það virðist vera hægt að brjóta ítrekað gegn úrræðunum án nægjanlegra afleiðinga fyrir geranda.

Abstract

The application of Paragraph 1, Article 232 of the Icelandic penal code Act no. 19/1940 in cases regarding intimate partner violence.

Intimate partner violence is an issue that all societies must deal with. It is necessary for the perpetrators to receive appropriate penalties as the human rights of the victim are being violated with the occurring violence. The means of restraining orders and expulsion from home can be found in Act no. 85/2011 and it has the purpose of protecting the victims. The penalties a person can receive from violating a restraining orders or expulsion from home can be found in the Icelandic penal code Act, no. 19/1940. The rule can be found in Paragraph 1, Article 232 where it says that the penalties are fines or prison time up to one year. If the violation is large-scale or repeated, the penalty can be prison time for up to two years.

This thesis will examine the question if the penalties a person can receive from violating a restraining order and/or expulsion from home, provide the victims of intimate partner violence with sufficient protection. Judgements and rulings will be reviewed, in which the courts found it necessary to grant a restraining order or expulsion from home and judgements relating charges against the means. As commonly known, Iceland often seeks examples of legislation from the Nordic countries and therefore it is necessary to look at the penalties for violating a restraining order or expulsion from home regarding those countries. The result of this thesis is that the victims of intimate partner violence who have been granted a restraining order against the perpetrator, do not experience enough protection from the authorities. Penalties are often conditional, and it seems possible to violate a restraining order or expulsion from home without enough legal consequence for the perpetrator.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	i
Abstract.....	ii
Lagaskrá	v
Dómaskrá.....	vii
Úrskurðir dómstóla.....	viii
Inngangur	1
Kafli 1 – Nálgunarbann og brottvísun af heimili	2
1.1. Istanbúl-samningurinn	2
1.2. Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili	4
1.2.1. Frumvarp til laganna.....	6
1.2.2. Austurríska leiðin.....	7
1.2.3. Kæruheimildir	9
1.3. Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er varða nálgunarbann og brottvísun af heimili	9
Kafli 2 – Ofbeldi í nánnum samböndum.....	10
2.1. Tegundir ofbeldis í nánnum samböndum	10
2.1.1. Líkamlegt ofbeldi	14
2.1.2. Andlegt ofbeldi	14
2.1.3. Kynferðislegt ofbeldi.....	15
2.1.4. Ofbeldi á netinu	15
2.1.5. Umsáturseinelti.....	16
2.2. Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er varða ofbeldi í nánnum samböndum	17
Kafli 3 – Viðurlög við brotum. Brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili	19
3.1. Úrræði og viðurlög við ítrekuðum brotum og beiting þeirra í framkvæmd.....	19
3.2. Dómaframkvæmd og úrskurðir.....	20
3.2.1. Dómaframkvæmd og úrskurðir þar sem fallist var á nálgunarbann eða brottvísun af heimili.....	20
3.2.2. Dómaframkvæmd þar sem fjallað er um brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum.....	23
3.2.3. Niðurstöður af skoðun dóma og úrskurða	25
3.3. Þarf að herða refsingar eða breyta þeim? Viðtöl við þolendur sem hafa fengið nálgunarbann vegna ofbeldis í nánnum samböndum	26
3.3.1. Polandi A.....	27

3.3.2. Polandi B.....	28
3.3.3. Samantekt á viðtölum	29
3.4. Hvað telst „viðvarandi ástand“ í þessum málum?	30
3.5. Réttarstaðan á Norðurlöndum.....	30
3.5.1. Danmörk.....	30
3.5.2. Svíþjóð.....	31
3.5.3. Noregur	31
3.5.4. Finnland	32
Lokaorð.....	33
Heimildaskrá	36

Lagaskrá

Íslensk lög

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um nálgunarbann nr. 122/2008

Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011

Alþingistíðindi

Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 1314 – 559. mál

Alþt. 2005-2006, A-deild, þskj. 1089 – 365. mál

Alþt. 2005-2006, A-deild þskj. 419 – 365. mál

Alþt. 2007-2008, B-deild, 294. mál, 51. fundur

Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 334 – 294. mál

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1225 – 706. mál

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1628 – 706

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1629 – 706. mál

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1767 – 706. mál

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1052 – 401. mál

Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 864 – 132. mál

Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 133 – 132. mál

Alþt. 2021-2022, A. deild, þskj. 266 – 207. mál

Dönsk lög

Lov nr. 112 af 2012.02.03 om tilhold, opholdsforbud og bortvisning (tilholdsloven)

Norsk lög:

Lov om rettergangsmåten í straffesaker (straffeprosessloven) 22. mai 1981 nr. 25

Lov om straff (straffeloven) 20. mai 2005 nr. 28

Sænsk lög

Lag (1988:688) om kontaktförbud

Finnsk lög

1889/39 Rikoslaki

1998/898 Laki lähestymiskiellosta

Alþjóðasamningar

Council of the European convention on preventing and combating violence against women and domestic violence. (Undirritaður 11. maí 2011) CETS No. 210

Dómaskrá

Hæstiréttur:

Hrd. 26. janúar 2006 í máli nr. 283/2005

Hrd. 8. mars 2016 í máli nr. 180/2016

Hrd. 10. maí 2016 í máli nr. 352/2016

Hrd. 26. júlí 2016 í máli nr. 533/2016

Hrd. 17. september 2020 í máli nr. 54/2019

Hrd. 30. mars 2022 í máli nr. 47/2021

Landsréttur:

Lrd. 19. nóvember 2019 í máli nr. 239/2021

Lrd. 1. apríl 2022 í máli nr. 399/2021

Héraðsdómstólar:

Héraðsdómur Reykjavíkur 12. október 2016 í máli nr. S-485/2016

Héraðsdómur Vestfjarða í máli 26. október 2016 í máli nr. S-51/2016

Héraðsdómur Reykjaness 26. maí 2020 í máli nr. S-248/2019

Héraðsdómur Austurlands 24. mars 2021 í máli nr. S-188/2020

Héraðsdómur Reykjaness 17. september 2021 í máli nr. S-37/2021

Úrskurðir dómstóla

Landsréttur:

Úrskurður Landsréttar 4. maí 2018 í máli nr. 389/2018

Úrskurður Landsréttar 21. desember 2018 í máli nr. 922/2018

Úrskurður Landsréttar 3. janúar 2019 í máli nr. 1/2019

Úrskurður Landsréttar 11. maí 2020 í máli nr. 286/2020

Inngangur

„Ég var aldrei örugg meðan á nálgunarbanninu stóð þrátt fyrir að gerandi hafði hlotið dóm fyrir brot gegn nálgunarbanni, verndin var engin og ég stöðugt hrædd.“¹

Allir menn í samfélaginu hafa rétt til þess að vera öruggir. Mikilvægt er að upplifa öryggi til að draga úr kvíða og öðrum tengdum röskunum. Öryggi manna er þó oft og ítrekað ógnað og færast mál af því tagi í aukana með ári hverju. Hvort sem aðili býr einn eða með öðrum er nauðsynlegt að eiga skjól á heimili sínu og er það grundvallarstoð þess að eiga öruggt og gott líf. Kveðið er á um friðhelgi einkalífs í 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Mikilvægt er að lagður sé grunnur að því af einstaklingum finnist þeir vera öruggir með lagasetningu og ber stjórnvöldum að verða við þessu.

Ofbeldi í nánnum samböndum var áður gjarnan kallað heimilisofbeldi en með þróun samfélagsins og vitundavakningar um að ofbeldi í nánnum samböndum á sér ekki alltaf stað inni á heimili, var því breytt. Eftir sem áður er ofbeldi í nánnum samböndum samfélagsmeið sem öll samfélög heimsins glíma við. Meðal þeirra úrræða sem hægt er að beita í slíkum málum eru nálgunarbann og brottvísun af heimili. Um þessi úrræði á Íslandi gilda lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011. Lögum þessum var komið á fót vegna gríðarlegrar þarfar þess að vernda brotþola. Þessum úrræðum hefur ítrekað verið beitt af dómstólum í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum. Í lögum nr. 85/2011 eru þessi réttarúrræði skilgreind. Í 1. gr. laganna kemur fram að nálgunarbann sé þegar aðila er meinað að koma á ákveðinn stað eða svæði, veita öðrum aðila eftirför, heimsækja hann eða setja sig í samband við hann. Þá er brottvísun af heimili skilgreind í 2. gr. laganna sem það tilvik þegar aðila er vísað burt af heimili sínu eða þeim stað er hann dvelur á og er meinað að koma þangað aftur í ákveðinn tíma.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar verður leitast við að skilgreina hugtökin nálgunarbann og brottvísun af heimili nánar þannig að lesandi nái meiri tengingu. Þá verður fjallað um Istanbúl-samninginn, nánar um lög nr. 85/2011 sem og almenn hegningarlög nr. 19/1940.² Ítarlega verður farið yfir grundvöll lagasetningarinnar og ástæður þess að nauðsynlegt var talið að setja lög til verndar konum.

¹ Haft eftir þólanda ofbeldis í nánu sambandi sem fékk nálgunarbann á gerandann í viðtali, nánar verður fjallað um sögu þólandans í kafla 3.3.2.

² Hér eftir alm. hgl.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður fjallað um ofbeldi í nánnum samböndum. Meðal annars verður farið yfir birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum, nánari skilgreiningar á tegundum ofbeldis í nánnum samböndum og ákvæði alm. hgl. er kveða á um ofbeldi í nánnum samböndum.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar verður vikið að viðurlögum við brotum gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili. Litið verður til dómaframkvæmdar og raktir dómur og úrskurðir héraðsdómstóla, Landsréttar og Hæstaréttar. Tekin voru tvö viðtöl við þolendur sem höfðu fengið nálgunarbann á fyrrum maka sína og athugað hvort þeim hafi fundist verndin sem úrræðið á að veita nægjanleg. Að lokum verður vikið að réttarframkvæmd í nágrannalöndum og hún borin saman við Ísland.

Tilgangur ritgerðar þessarar er að leitast við að svara hvort viðurlög við brotum gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili séu fullnægjandi og einnig hvort úrræðin veiti þolendum ofbeldis í nánnum samböndum nægjanlega vernd.

Kafla 1 – Nálgunarbann og brottvísun af heimili

1.1. Istanbúl-samningurinn

Samningur um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi³, sem kenndur er við Istanbúl í Tyrklandi, var undirritaður af íslenskum stjórnvöldum þann 11. maí 2011.⁴ Istanbúl-samningurinn er sá fyrsti lagalega bindandi af þessu tagi, það er, sá fyrsti sem fjallar um baráttuna við ofbeldi gagnvart konum. Í honum er meðal annars tekið á réttindum þolenda ofbeldisbrota og þá eru skyldur lagðar á herðar stjórnvöldum og opinberum stofnunum að vernda þær konur sem eiga á hættu að verða fyrir ofbeldi eða hafa orðið fyrir ofbeldi.⁵ Í mars 2016 voru gerðar breytingar á almennum hegningarlögum vegna Istanbúl-samningsins.⁶ Með breytingarlögum þessum⁷ var meðal annars sett ákvæði um ofbeldi í nánnum samböndum.

³ Nafn samningsins á ensku er: *Council of the European convention on preventing and combating violence against women and domestic violence*. Hér eftir verður fjallað um samninginn á íslensku sem Istanbúl-samningurinn.

⁴ Jafnréttisstofa, „Istanbúl samningurinn“ <<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/kynbundid-ofbeldi/istanbulsamningurinn>> Skoðað 9. janúar 2022.

⁵ sama heimild.

⁶ Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1052 – 401. mál.

⁷ Nafn breytingarlaganna er: Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi).

Í upphafsorðum Istanbúl-samningsins⁸ er fjallað um að aðilar að samningnum skuldbindi sig til þess að koma á jafnrétti milli kvenna og karla, þar sem að hluti af vandamálinu liggur í stöðumun kynjanna. Í b. lið 3. gr. samningsins er hugtakið heimilisofbeldi (hér eftir verður einungis notast við hugtakið ofbeldi í nánnum samböndum) skilgreint sem andlegt, líkamlegt, fjárhagslegt eða annars konar ofbeldi af hálfu maka.

Kveðið er á um bann við mismunun í 4. gr. Istanbúl-samningsins. Í 2. mgr. 4. gr. kemur fram það skilyrði að aðilar samningsins fordæmi mismunun gagnvart konum og skuldbindi sig til þess að koma í veg fyrir *slíka kynbundna mismunun*. Meðal þess sem hægt er að gera er að hafa ákvæði um jafnrétti kynjanna í stjórnarskrá aðildarríkis samningsins. Meginreglu þessa er að finna í svokölluðu jafnréttisákvæði í 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ríki þau sem eru aðilar að samningnum skulu eigi taka þátt í að brjóta á konum með ofbeldi og ber stjórnvöldum að tryggja að starfað sé í samræmi við þessar skyldur, sbr. 1. mgr. 5. gr. Istanbúl-samningsins.

Þá skuldbinda ríki sig samkvæmt samningnum með þeim hætti að aðstoða þarf þolendur í kærumálum, sbr. 21. gr. og veita þolendum stuðningsþjónustu, sbr. 22. gr. samningsins og stofna þarf athvörf fyrir þá þolendur er kunna að þurfa á því að halda, sbr. 23. gr. samningsins. Kvennaathvarfið er athvarf fyrir konur sem geta ekki búið á heimili sínu vegna aðstæðna og var stofnað árið 1982.⁹ Líkt og kemur fram á heimasíðu Kvennaathvarfsins, er hægt að leita aðstoðar vegna ofbeldis í nánnum samböndum víða, svo sem hjá Stígamótum, Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð sem og á fleiri stöðum víðsvegar um landið.¹⁰

Í Istanbúl-samningnum er kveðið á um tegundir ofbeldis í nánnum samböndum. Í 34. gr. er fjallað um umsáturseinelti. Við fullgildingu samningsins var ekki ákvæði um umsáturseinelti í íslenskum lögum og háttsemin hvergi skilgreind almennilega en með breytingarlögum nr. 5/2021 við almenn hegningarlög¹¹ var sett inn ákvæði í 232. gr. a. alm. hgl. er kveður á um umsáturseinelti en nánar verður vikið að því í 2. kafla ritgerðarinnar.

Heimild lögreglu til að vísa aðila brott af heimili sínu vegna ofbeldis sem hann hefur beitt eða er yfirvofandi er að finna í 52. gr. Istanbúl-samningsins. Ákvæðið skuldbindur ríki þau sem

⁸ Council of Europe Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence. <<https://www.coe.int/en/web/conventions/full-list?module=treaty-detail&treatyid=210>> Skoðað 22. janúar 2022.

⁹ Kvennaathvarf, „Hvar fæ ég aðstoð?“ <<https://www.kvennaathvarf.is/fyrir-adstandendur/>> Skoðað 22. janúar 2022.

¹⁰ sama heimild.

¹¹ Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 864 – 132. mál.

eru aðilar að samningnum til þess að hafa heimildir í lögum eða aðrar ráðstafanir fyrir yfirvöld til þess að láta aðila fara brott af heimili sínu. Þá kemur fram í samningnum að það sé mikilvægt að koma geranda í burt frá þolanda til að stöðva ofbeldið og gæta að öryggi þolanda. Í 53. gr. samningsins er fjallað um nálgunarbann og í því ákvæði er meðal annars lögð sú skylda á herðar samningsaðilum að vernda þolendur ofbeldis sem á sér stað innan heimilis með nálgunarbanni á hendur geranda eða annarra ráðstafana.

1.2. Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili

Fyrstu ákvæðin um nálgunarbann komu inn í íslensk lög með breytingarlögum nr. 94/2000¹² í lögum um meðferð opinberra mála nr. 91/1991.¹³ Ákvæðin komu sem nýmæli inn í XIII kafla A. laganna sem fjallaði þá um nálgunarbann, nánar tiltekið sem fjórir stafliðir við 110. gr. laganna. Í ákvæðunum var heimild til að leggja nálgunarbann á aðila ef hann hafði framið afbrot eða rökstuddur grunur sé fyrir því að hann eigi eftir að fremja afbrot. Þá voru einnig samþykktar breytingar á almennum hegningarlögum sem fólust í viðbót við þágildandi 1. mgr. 232. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976 sem verður vikið að nánar í kafla 1.3.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, boðaði æi ræðu sinni breytingar á því hvernig nálgunarbann og framkvæmd þess *skyldi* útfærð í.¹⁴ Hún vildi veita lögreglu heimild til þess að fjarlægja aðila, þ.e. gerendur, af heimili sínu en framkvæmd lögreglu fram að þessu hafði verið að fjarlægja þolandur af heimilinu og koma viðkomandi í öruggt skjól líkt og í Kvænnaathvarfið en með því taldi hún að það væri verið að gera konur og mögulega börn þeirra að „flóttamönnum í eigin landi“. Hún sagði fyrirmynd að umræddri tillögu koma frá Austurríki og að slík lagasetning hefði virkað vel bæði þar og á Norðurlöndunum.¹⁵

Fyrstu heildstæðu lögum um nálgunarbann voru lög nr. 122/2008 og í umsögn með frumvarpi til laganna¹⁶ kemur fram að ákveðið hefði verið að veita réttarúrræðinu *nálgunarbanni* sérstakan lagabálk. Áður var að finna ákvæðin um nálgunarbann í lögum nr. 91/1991 um meðferð opinberra mála. Með frumvarpinu var einungis verið að færa ákvæðin um nálgunarbann yfir í heildstæðan og sérstakan lagabálk en það voru ekki gerðar neinar efnislegar breytingar á áður nefndum ákvæðum. Frumvarpið var lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum um meðferð

¹² Alpt. 1999-2000, A-deild, þskj. 1314 – 559. mál

¹³ Nú lög um meðferð einkamála.

¹⁴ Alpt. 2007-2008, B-deild, 294. mál, 51. fundur – Kolbrún Halldórsdóttir

¹⁵ sama heimild.

¹⁶ Alpt. 2007-2008, A-deild, þskj. 334 – 294. mál. Frumvarp til laga um nálgunarbann

sakamála. Breytingarnar voru taldar nauðsynlegar á þeim grundvelli að nálgunarbanni er ekki einungis beitt við rannsóknir sakamála eða meðferð þeirra fyrir dómstólum.¹⁷

Núgildandi lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011, tóku gildi þann 30. júní árið 2011. Líkt og áður sagði eru úrræðin skilgreind í 1. gr. og 2. gr. laganna. Heimild er í 3. gr. laganna til þess að aðrir en brotaþoli beri fram beiðni um að sakborningur skuli sæta nálgunarbanni eða brottvísun af heimili. Þá kemur einnig fram í 2. mgr. 3. gr. að ef um ólögráða einstakling sé að ræða hafi lögráðamaður brotaþola og sá aðili er kemur fram fyrir hönd félagsþjónustu í sveitarfélagi viðkomandi, rétt til að bera fram sömu beiðni. Þá getur lögreglustjóri ákveðið að taka upp mál að eigin frumkvæði ef hann telur þörf til, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Í 4. gr. laganna kemur fram að heimilt sé að beita nálgunarbanni ef *rökstuddur grunur* er á að aðili hafi framið brot sem varðar refsingu, raskað friði þolanda eða ef talin er hættá á að viðkomandi brjóti gegn þolanda. Hér þarf þó að gæta meðalhófs. 5. gr. laganna fjallar um brottvísun af heimili og er svohljóðandi:

Heimilt er að beita brottvísun af heimili ef:

- a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot gegn ákvæðum XXII.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga og/eða 108. gr., 233. gr., 233. gr. b, 253. gr. og/eða 257. gr. sömu laga og verknaður hefur beinst að öðrum sem er honum nákominn og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, enda varði brotið fangelsi allt að sex mánuðum, eða

- b. hættá er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.

Ákvæði hegningarlaga sem hér er átt við eru meðal annars ofbeldisbrot, kynferðisbrot, ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, auðgunarbrot og brot gegn friðhelgi einkalífs og eignarréttar. Nánar verður vikið að almennum hegningarlögum og brotum þeim er kunna að koma til skoðunar þegar meta á hvort nálgunarbann eða brottvísun af heimili sé nauðsynleg í kafla 1.3. Þá kemur fram í 2. mgr. 5. gr. laganna að heimilt sé að beita úrræðunum á sama tíma ef ekki er hægt að vernda öryggi þolanda og hagsmuni hans með öðrum úrræðum.

Tímafresti laganna vegna málsmeðferðar hjá lögreglustjóra er að finna í III. kafla þeirra. Samkvæmt heimild í 7. gr. getur lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans tekið ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili ef þeim hefur borist beiðni á grundvelli 1. mgr. eða 2.

¹⁷ sama heimild.

mgr. 3. gr. laganna. Mikilvægt er að málsmeðferð í málum sem þessum sé sem hröðust til að auka öryggi aðila og skal taka ákvörðun um nálgunarbann eða brottvísun af heimili eins fljótt og auðið er og ekki má líða meira en sólarhringur frá beiðni fram að ákvörðun, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Hámark tíma nálgunarbanns má finna í 3. mgr. 7. gr., en hann er eitt ár nema sérstök skilyrði séu fyrir hendi til að framlengja en þá þarf að leggja inn nýja beiðni. Brottvísun af heimili getur mest varað í fjórar vikur og það er ekki heimild til framlengingar nema ný beiðni sé borin fram og að skilyrði 5. gr. laganna séu enn til staðar. Lögreglustjóra ber að fara með ákvörðun sína um beitingu úrræðanna til héraðsdóms til þess að fá staðfestingu innan þriggja sólarhringa frá ákvörðun, sbr. 12. gr. laganna.

1.2.1. Frumvarp til laganna

Á 139. löggjafarþingi árin 2010-2011, var frumvarp¹⁸ lagt fyrir fyrir Alþingi vegna laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Í kjölfar fyrstu umræðu á Alþingi og tveggja atkvæðagreiðslna, var málið sent til allsherjarnefndar. Nefndaráliti var skilað frá allsherjarnefnd við aðra umræðu á þingi. Vísað var til að heimild væri í barnaverndarlögum til þess að vísa aðila brott af heimili sínum eftir rökstuddum gruni og að eðlilegt hlyti að teljast að setja ákvæði þetta inn í lög um nálgunarbann og brottvísun af heimil þrátt fyrir að það myndi takmarka stjórnarskrárvarin réttindi aðila um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.¹⁹ Með frumvarpinu voru ekki gerðar miklar breytingar á þágildandi lögum um nálgunarbann nr. 122/2008. Allsherjarnefnd vísaði til þess að það gæti verið mjög krefjandi fyrir þolendur ofbeldis að greina frá og óska eftir nálgunarbanni eða að ofbeldismaðurinn væri fjarlægður af heimili og því væri nauðsynlegt að hafa heimild í lögum til að aðrir geti tilkynnt lögreglu um ofbeldi sem og komið rannsókn af stað með þeim hætti.²⁰ Nefndin lagði þá fram breytingar á frumvarpinu og lagði til að það yrði samþykkt með þeim breytingum, þær fólust aðallega í breytingum á orðalagi ákvæða frumvarpsins.²¹ Breytingartillögurnar voru samþykktar og málið gekk í kjölfarið til þriðju umræðu á þingi sem var samþykkt.

¹⁸ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1225 – 706. mál. Frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili

¹⁹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1628 – 706. mál. Nefndarálit allsherjarnefndar um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

²⁰ sama heimild.

²¹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1629 – 706. mál. Breytingartillögur frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Markmið með setningu laganna var að aðstoða þolendur afbrota, vernda þá og bæta stöðu innan réttarkerfisins.²² Þessi lög komu, líkt og áður sagði, í staðinn fyrir lög um nálgunarbann nr. 122/2008. Tilgangurinn með lagasetningunni var að hafa einn lagabálk er vísaði til heimilda þeirra sem hægt er að grípa til ef koma þarf einstaklingi brott af heimili eða dvalarstað sínum eða veita brotþola vernd með því að heimila nálgunarbann.²³ Frumvarpið hafði verið lagt oft áður fyrir Alþingi en hlaut ekki samþykki fyrst um sinn. Lögin voru samþykkt í kjölfar endurflutnings frumvarpsins og meðferðar á Alþingi og þau tóku gildi þann 30. júní 2011.²⁴

1.2.2. Austurríska leiðin

Austurríska leiðin á rætur sínar að rekja til laga er voru sett í Austurríki árið 1997.²⁵ Í kringum árið 1990 komu mörg lönd í Evrópu með nýjar aðgerðir til að sporna gegn ofbeldi gagnvart konum, var þetta í kjölfar þess að aktívistar fóru að vekja athygli á þeirri litlu aðstoð er konur fengu frá yfirvöldum vegna aðstæðna sinna.²⁶ Nauðsynlegar breytingar fylgdu því að mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hélt ráðstefnu í Vín árið 1993 sem bar nafnið „Réttindi kvenna eru mannréttindi“.²⁷ Árið 1996, í kjölfar þriggja ára undirbúningsvinnu var frumvarp lagt fyrir þingið í Austurríki um að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum sem var samþykkt með meirihluta atkvæða og lögin tóku gildi árið 1997.²⁸

Austurríska leiðin veitir lögreglu heimild til þess að fjarlægja aðila af heimili sínu, hafi hann brotið af sér gegn öðrum heimilismönnum eða líkur eru á að hann geri það.²⁹ Í málum sem þessum skiptir engu máli hvort viðkomandi sem braut af sér sé eigandi húsnæðisins eða dvalarstaðarins og ef aðilinn vill sækja eigur sínar á meðan honum er ekki heimilt að koma inn á heimili sitt, þarf hann að láta brotþola vita af heimsókninni fyrir fram.³⁰ Ef aðilinn kemur á heimili sitt án þess að brottvísuninni hafi verið lokið með dómsúrskurði eða hann renni út er heimilt að

²² Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 1314 – 559. mál

²³ sama heimild.

²⁴ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1767 – 706. mál

²⁵ „Austurríska leiðin samþykkt sem lög“ *RÚV* (6. nóvember 2011) <<https://www.ruv.is/frett/austurriska-leidin-samthykkt-sem-log>>.

²⁶ Rosa Logar, „The Austrian Model of Intervention in domestic violence cases“ (Domestic Abuse Intervention Center, Vienna and WAVE-Network) 5.

²⁷ Á ensku ber ráðstefnan nafnið: Women’s Rights are Human rights.

²⁸ Logar (n. 25) 6.

²⁹ Birgitt Haller, „The Austrian Legislation against Domestic Violence“ (jún 2005) 1

<http://www.ikf.ac.at/english/austrian_legislation_against_domestic_violence.pdf>. <Microsoft Word - IKF_HP_Haller.doc> Skoðað 2. febrúar 2022.

³⁰ sama heimild 2.

handtaka hann og ber að vísa til þess að brotþoli getur verið sektaður fyrir að heimila aðilanum að koma heim áður en tímanum er lokið.³¹

Rannsókn var framkvæmd í Austurríki eftir að lögin höfðu verið í gildi í nokkur ár þar sem meðal annars var litið til stöðu kvenna af erlendum uppruna sem dvöldu í Austurríki og barna.³² Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að konur af erlendum uppruna nutu ekki nægjanlegrar verndar vegna tveggja meginástæðna. Fyrri ástæðan var sú að konur af erlendum uppruna kölluðu síðar yfirvöld til vegna tungumálaörðugleika. Síðari ástæðan var vegna þess að oft komu þær til Austurríkis á grundvelli sameiningar fjölskyldna.³³ Ef eiginmaður þeirra myndi missa dvalarleyfi sitt í landinu á grundvelli afbrota eða annars, myndu þær sjálfkrafa missa leyfi sitt líka. Þá var einnig vísað til þess að þær höfðu ekki heimild til að vinna fyrstu fjögur árin sín í landinu, af því leiðir að þær eru gríðarlega háðar eiginmönnum sínum peningalega séð og vegna dvalarleyfis.³⁴ Rannsóknin leiddi einnig í ljós vankanta vegna stöðu barna. Ef börn búa innan heimilis þar sem grípa þarf til úrræða gegn heimilismanni, ber að tilkynna barnaverndaryfirvöldum tafarlaust um málið. Þó ber að líta til þess að svo mikil áhersla var lögð á að vernda konur gegn ofbeldi að börn voru oft látin liggja milli hluta og það gleymdist að taka tillit til þeirra. Þá lá fyrir að barnaverndaryfirvöldum var reglulega sagt rangt frá og gert minna úr aðstæðum en ástæður voru til þar sem að mæður voru hræddar um að missa forræði yfir börnum sínum og þau fjarlægð úr umsjá þeirra vegna ofbeldisins.³⁵

Líta ber til að lög eru ekki nægjanleg úrræði til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum en þau þurfa þó að vera til staðar og gæta þarf að því að lögunum sé fylgt.³⁶ Í Austurríki var gætt mjög vel að þessum atriðum við undirbúning lagasetningar. Í kjölfar innleiðingar laganna og eru þrjú meginatriði sem litið er til: brottvísun af heimili og nálgunarbann sem geta mest varað í 20 daga, vernd með bráðabirgðalögbanni svo sem nálgunarbanni sem getur varað í þrjá mánuði eða meira og svo stuðningur við þolendur með alls konar aðgerðum svo sem að koma á fót miðstöðvum fyrir þolendur ofbeldis.³⁷ Í kjölfar setningar laganna fóru önnur lönd í heiminum að setja lög er byggðu

³¹ sama heimild 2-3.

³² sama heimild 7.

³³ Á ensku kallast þetta *family reunification*.

³⁴ Haller (n. 28) 12.

³⁵ sama heimild.

³⁶ Lögur (n. 16) 6.

³⁷ sama heimild 7.

á austurrísku leiðinni, svo sem setning laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011 sem grundvallast að meginstefnunni til á austurrísku leiðinni og Ístanbúl-samningnum.

1.2.3. Kæruheimildir

Kveðið er á um kæruheimildir laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili sem og málsmeðferð í 15. gr. þeirra. Í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur fram að réttaráhrif úrskurðar héraðsdóms um nálgunarbann eða brottvísunar af heimili miðast við birtingu viðkomandi úrskurðar. Af þessu má leiða að samkvæmt ákvæðinu taka úrræðin gildi á þeim tíma er úrskurðurinn er birtur en á þessu er þó sú undantekning að dómari getur ákveðið annan gildistíma.

Í 3. mgr. 15. gr. laganna er að finna kæruheimildir til Landsréttar. Þar er kveðið á um að kæra megi úrskurð héraðsdómara til Landsréttar en sú krafa er þó á þessu að málið uppfylli skilyrði 1. mgr. 192. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008³⁸. Ákvæði það kveður á um hvaða úrskurðir héraðsdómara geta sætt kæru til Landsréttar. Ef kæra á úrskurð Landsréttar til Hæstaréttar ber að líta til 2. másl. 3. mgr. 15. gr. laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili en þar er kveðið á um að aðra úrskurði en þá sem lesa má til um í 1. mgr. 211. gr. sml.³⁹, er ekki hægt að kæra til Hæstaréttar.

1.3. Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er varða nálgunarbann og brottvísun af heimili

Gerðar voru breytingar á almennum hegningarlögum⁴⁰ með breytingarlögum nr. 23/2016.⁴¹ Með þessum breytingarlögum komu ákvæði um nauðungarhjónabönd og ofbeldi í nánnum samböndum í fyrsta skipti.⁴² Í 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. er vísað til refsinga vegna brota gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili. Í ákvæðinu er vísað beint til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili og er það svohljóðandi:

Ef maður brýtur gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili samkvæmt lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili varðar það sektum eða fangelsi allt að

³⁸ Hér eftir verður vísað til laga um meðferð sakamála með skammstöfuninni sml.

³⁹ Ákvæðið er svohljóðandi: [Dómsathafnir] ¹⁾ Landsréttar um eftirfarandi sæta kæru til Hæstaréttar:

a. frávísun frá héraðsdómi eða Landsrétti eða niðurfellingu máls að hluta eða að öllu leyti fyrir héraðsdómi eða Landsrétti [ef ekki er um að ræða staðfestingu á slíkri dómsathöfn héraðsdóms], ¹⁾

b. hvort dómari Landsréttar víki sæti í máli,

c. [úrskurð um] ¹⁾ réttarfarssekt fyrir Landsrétti,

d. skyldu vitnis skv. 119. gr. til að svara spurningu.

⁴⁰ Hér eftir verður vísað til almennra hegningarlaga með skammstöfuninni alm. hgl.

⁴¹ Alþt. (n. 4).

⁴² Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Ákvæði hegningarlaga um ofbeldi í nánnum samböndum“ [2017] (1. tölublað) Tímarit Lögfræðinga 86–87.

1 ári. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að 2 árum.

Þrátt fyrir að þetta sé eina ákvæði almennra hegningarlaga sem vísar sérstaklega til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, er ákvæðum lagabálkanna tveggja beitt samhliða þegar taka á ákvarðanir um að beita réttarúrræðunum.

70. gr. alm. hgl. kveður á um það sem þarf að taka tillit til við ákvörðun refsingar í máli. 1. mgr. 70. gr. fjallar um refsíákvörðunarástæður þær er kunna að koma til álita við ákvörðun refsingar. Meðan annars er horft til þess hversu miklu tjóni er valdið, hversu mikil hætta stafaði af viðkomandi gerningi, aldurs þess er fremur brot, hversu einbeittur brotavinji ákærða er o.fl. Nánar verður vikið að refsíákvörðunarástæðum hvað varðar ofbeldi í nánum samböndum í kafla 2.

Kafla 2 – Ofbeldi í nánum samböndum

2.1. Tegundir ofbeldis í nánum samböndum

Líkt og í öðrum samfélögum og löndum í heiminum, þrífst ofbeldi í nánum samböndum á Íslandi og fyrir þolendur eru afleiðingarnar gríðarlegar.⁴³ Ofbeldi í nánum samböndum hefur verið vandamál lengi en þó er ekki langt síðan farið var að rannsaka hvernig mætti bæta úr þessu fyrirbæri.⁴⁴ Hægt er að rekja ofbeldi gegn konum langt aftur í aldir á grundvelli stöðumunar og mismununar kynjanna en möguleiki er á að með vitundavakningu, viðurkenningu og aðgerðum sé hægt að taka á þessum vanda.⁴⁵ Heimilisofbeldi, líkt og fyrirbærið var kallað hér áður fyrr, var hundsáð af rannsakendum þangað til að femínistar fóru að benda á, í kringum árið 1970, að þetta væri fyrirbæri sem þyrfti að rannsaka nánar og að heimilisofbeldi væri ekki bara leyndarmál innan veggja heimilis sem kæmi öðrum ekki við.⁴⁶ Rannsóknir hafa leitt í ljóst að konur sem verða fyrir ofbeldi í nánú sambandi breyta hegðun sinni til þess að reyna að koma í veg fyrir að vera beittar ofbeldi, þær reyna að friða ofbeldismanninn án þess að ögra honum og passa að láta hann finna að hann stjórnir.⁴⁷ Ofbeldi í nánum samböndum er þegar þolandi er beittur ofbeldi af aðila sem hann

⁴³ Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánum samböndum* (Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2008) 6.

⁴⁴ sama heimild 10.

⁴⁵ Brynhildur G. Fróvenz, *Kynbundið ofbeldi og forsendur við lagasetningu* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2009 13–14.

⁴⁶ Janet Ainsworth, „When police discursive violence interacts with intimate partner violence Domestic Violence as a risk factor for police-induced false confessions“ (2021) 8. árgangur (2. tölublað) *Language and Law* 15.

⁴⁷ sama heimild 16.

tengist með nánnum hætti.⁴⁸ Hér getur átt við maka, fyrrverandi maka eða annan aðila sem er nákominn þolanda á grundvelli skyldleika eða mikilla tengsla.⁴⁹

Samkvæmt Dr. Lenore Walker eru þrjú stig heimilisofbeldis sem kallað er ofbeldishringur. Stigin eru eftirfarandi: spennustig, árásarstig og hveitibrauðsdagarnir (e. tension building, violent episode og remorseful or honeymoon).⁵⁰ Á spennustiginu er gerandi í vondu skapi, brýtur þolanda niður, misnotar áfengi og/eða önnur hugbreytandi efni, fremur eignaspjöll og fleira, þolandi reynir að koma í veg fyrir hegðunina með því að vera rólegur, draga sig inn í skel og fleira.⁵¹ Á árásarstiginu beitir gerandi ofbeldi, hvort sem það er líkamlegu, andlegu eða annars konar og þolandi reynir að verja sig, reynir að róa geranda, í sumum tilvikum hringir þolandi á lögregluþjófvernd og fleira.⁵² Á þriðja stigi sem nefnist hveitibrauðsdagarnir sækir gerandi sér hjálp, lofar öllu fögru og fleira, þolandi samþykkir að vera áfram með geranda, ef hringt var á yfirvöld reynir þolandi að koma í veg fyrir að gerandi sé kærður og fleira.⁵³

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (e. WHO), skilgreinir ofbeldi í nánnum samböndum á eftirfarandi hátt:

Beiting eða hótun um beitingu líkamlegs afls eða krafts gegn sér sjálfum, öðrum aðila eða hóp aðila sem annað hvort leiðir til eða líkur eru á að leiði til meiðsla, dauða, sálræns skaða, vanþroska eða skorts á nauðsynjum.⁵⁴

Samkvæmt íslenskri lögfræðiorðabók er heimilisofbeldi skilgreint svona:

Ofbeldi sem beinist að karli, konu eða barni sem er nákominn geranda á verknaðarstundu. Miðað er við að á milli þessara aðila séu nán samfélagsleg

⁴⁸ Kvennaathvarf, „Skilgreiningar á heimilisofbeldi“ <<https://www.kvennaathvarf.is/ur-moppum/?fbclid=IwAR2MfVzOeHbTTGu5kYJU36WzFRlvVA417g5NYN1adVKtdW-QqVZBZd2NIVs>> Skoðað 10. febrúar 2022.

⁴⁹ Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnaldsdóttir, „Rannsókn á ofbeldi gegn konum“ (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingarmálaráðuneytið desember 2010) 19.

⁵⁰ Women's Center, Youth & Family Services, „Cycle of violence“ <<https://www.womenscenteryfs.org/index.php/get-info/prevention/education/14-cycle-of-violence>> Skoðað 12. febrúar 2022.

⁵¹ sama heimild.

⁵² sama heimild.

⁵³ sama heimild.

⁵⁴ World Health Organization, „World report on violence and health“ (2000) 5

<https://www.who.int/violence_injury_prevention/violence/world_report/en/full_en.pdf?ua=1> Skoðað 12. febrúar 2022.

tengsl sem endurspeglast í sambandi foreldris og barns, systkina eða maka eða annarra nákominna manna.⁵⁵

Til að útskýra hvað það er sem fær aðila til að beita maka sinn ofbeldi, eru margir þættir sem þarf að líta til svo sem félagslegir -, menningarlegir -, einstaklings -, sambands – og umhverfisþættir.⁵⁶ Þegar skoða á sambandsþætti þá sem líta á til ber fyrst og fremst að líta á samskipti ofbeldismannsins við maka, fjölskyldu og jafningja en þetta eru allt aðilar sem móta hegðun ofbeldismannsins.⁵⁷ Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni lendir ein af hverjum þremur konum í heiminum í ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni og ungar konur eru þar í mesta áhættuhópnum.⁵⁸ Ofbeldi í nánnum samböndum er mest ríkjandi tegund ofbeldis sem konur eru beittar í heiminum og hefur áhrif á líf um það bil 641 milljón kvenna.⁵⁹

Í 1. gr. verklagsreglna Ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála⁶⁰, er íslenska skilgreiningin á heimilisofbeldi sem lögregla hefur notast við í störfum sínum. Skilgreiningin er svohljóðandi:

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl, sbr. 2. gr. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og/eða fjárhagslegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu.

Forsenda fyrir skráningu máls í verkefnaflokkinn heimilisofbeldi er að gerandi og þolandi séu nákomnir, þ.e. skyldir eða tengdir sbr. 2. gr.

Samkvæmt 2. gr. verklagsreglnanna⁶¹, er hægt að telja fyrrverandi eða núverandi maka, börn, systkini, foreldra eða forráðamenn sem aðila tengda brotaþola. Réttast er að áréttta að þegar fjallað er um fyrrverandi eða núverandi maka þá getur átt við hjón, sambúðarfólk eða pör. Í 8. gr. reglnanna⁶² er fjallað um aðstoð við brotaþola og þær leiðbeiningar sem lögreglu ber að veita.

⁵⁵ Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex 2008) 186.

⁵⁶ World Health Organization (n. 53) 12.

⁵⁷ sama heimild 13.

⁵⁸ World Health Organization, „Devastatingly pervasive: 1 in 3 women globally experience violence“ <<https://www.who.int/news/item/09-03-2021-devastatingly-pervasive-1-in-3-women-globally-experience-violence?fbclid=IwAR3UcSoHA-0wLihhcHvsxT--syInL1gKkkFKfgYKHh-9QjBFAIHckYhCVMI>> Skoðað 15. febrúar 2022.

⁵⁹ sama heimild.

⁶⁰ Ríkislögreglustjóri, „Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála“ <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/06/Verklagsreglur-um-heimilisofbeldi-13.09.2018.pdf?fbclid=IwAR3aa_KyRGxMeLrObLOzg95rCguUz36TAwKqU_PsM9s3gaN8QX9IuYwh8x8> Skoðað 15. febrúar 2022.

⁶¹ sama heimild.

⁶² sama heimild.

Lögreglumönnum ber meðal annars að sýna þolanda tillitssemi, gæta að jafnræði, kynna þolanda þau úrræði sem standa til boða, aka þolanda á sjúkrahús og kynna þolanda réttindi sín meðal annars með því að kynna lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Samkvæmt f-lið 8. gr. verklagsreglnanna, getur lögregla af sjálfsdáðum tekið ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili ef ástæða er til þess að telja að þolandi geri það ekki vegna ótta eða annarra aðstæðna.

Í rannsókn sem gerð var af Brynhildi G. Flóvenz dósent, fyrir tilstilli lagadeildar Háskóla Íslands, kemur fram að til þess að geta brugðist almennilega við því samfélagsmeini sem ofbeldi í nánnum samböndum er, þurfi að vera til staðar þekking á fyrirbærinu.⁶³ Þekkingin er til staðar hér á landi meðal annars er hægt að fá fræðslu hjá Kvennaathvarfinu, Stígamótum og öðrum félögum og stofnunum.⁶⁴ Árið 2020 leituðu 758 konur í Kvennaathvarfið og heildarfjöldi íbúa voru 138 konur og 110 börn.⁶⁵ Þá voru 509 konur til viðbótar í viðtölum án þess að dvelja í athvarfinu en í ársskýrslu samtakanna kemur fram að vegna áhrifa heimsfaraldursins COVID-19, voru engin viðtöl á staðnum heldur einungis í gegnum síma eða tölvu.⁶⁶ Áhrif heimsfaraldursins á ofbeldi gegn konum eru gríðarleg, meðal annars vegna skorts á þjónustu vegna takmarkana og þá hefur „skuggafaraldur“ átt sér stað í skjóli COVID-19, vegna aukinna tilkynninga um ofbeldi gegn konum.⁶⁷

Jane Monckton-Smith er prófessor sem gerði rannsókn á morðum sem eiga sér stað í nánnum samböndum. Í rannsókn sinni komst hún að þeirri niðurstöðu að oft eru það átta stig sem leiða til morðs í nánnum samböndum.⁶⁸ Fyrstu tvö stigin fjalla um hvað gerist áður en sambandið hefst og í byrjun þess, aðilar fara að vera mjög stjórnsamir gegn maka eða tilvonandi maka sínum og sambandið þróast mjög hratt yfir í að vera alvarlegt.⁶⁹ Stjórnsæmin þróast svo hratt á næstu stigum sambandsins og aðili fer að reyna að hafa áhrif á allt sem makinn gerist, hverju hann klæðist, hverjum hann eyðir tíma sínum með o.s.frv., ástandið heldur áfram að stigmagnast þangað til á

⁶³ Brynhildur G. Flóvenz (n.41.) 27.

⁶⁴ sama heimild.

⁶⁵ Samtök um kvennaathvarf, „Ársskýrsla 2020“ (apríl 2020) 13.

⁶⁶ sama heimild 14.

⁶⁷ World Health Organization (n. 57).

⁶⁸ Jane Monckton-Smith, „Intimate Partner Femicide: Using Foucauldian Analysis to Trace an Eight Stage Progression to Homicide“, *Violence Against Women* (Issue 11, 2020) 1274.

⁶⁹ sama heimild 1275.

sjötta stigi þegar aðili fer að íhuga að myrða maka sinn.⁷⁰ Sjöunda stigið er svo skipulagningin á morðinu og það áttunda morðið sjálf.⁷¹

Segja má að gróflega sé hægt að skipta ofbeldi í nánnum samböndum upp í nokkra flokka, sem fjallað verður nánar um í næstu köflum, en helstu flokkarnir eru: líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, ofbeldi á netinu og umsáturseinelti.

2.1.1. Líkamlegt ofbeldi

Þegar fjallað er um ofbeldi í nánnum samböndum er líkamlegt ofbeldi líklega það fyrsta sem kemur upp í huga fólks.⁷² Líkamlegt ofbeldi er óháð því hvort þolandi hljóti líkamlegan skaða af barsmíðum þeim er eiga sér stað eða ekki.⁷³ Meðal þess líkamlega ofbeldis sem brotþolar geta orðið fyrir í nánnum samböndum er: gerandi heldur þolanda í gíslingu og stjórnar athöfnum daglegs lífs, svo sem svefni og mat, gerandi skaðar þolanda með alls konar leiðum, til dæmis að kýla, sparka í, hárreita, taka hálstaki og fleira svo lengi mætti telja, þá telst einnig líkamlegt ofbeldi þegar gerandi eyðileggur hluti vegna reiði sinnar gagnvart þolanda.⁷⁴

2.1.2. Andlegt ofbeldi

Andlegt ofbeldi er flóknara að skilgreina en líkamlegt ofbeldi þar sem að það eru margir þættir sem þarf að taka tillit til hverju sinni.⁷⁵ Markmið sem þeir sem beita andlegu ofbeldi stefna að er að ná allri stjórn yfir maka sínum og ráða alfarið hvað hann gerir, alltaf með niðurlægjandi ummælum um þolandann.⁷⁶ Þessar athugasemdir og ummæli eru þá einhliða, þ.e. undir andlegt ofbeldi falla almennt ekki rífrildi þar sem særandi orð falla á báða bóga. Meðal þess sem flokka má sem andlegt ofbeldi er meðal annars: að hóta þolanda á einhvern hátt, þvinganir, mikil og ósanngjörn gagnrýni, að einangra þolanda frá fjölskyldu og vinum og fleira.⁷⁷ Þolendur eru oft lengur að vinna úr afleiðingum sem koma fram vegna andlegs ofbeldis en líkamlegs þar sem að líkamlegir áverkar koma ekki fram eftir andlegt ofbeldi líkt og líkamlegt ofbeldi.⁷⁸

⁷⁰ sama heimild 1279.

⁷¹ sama heimild 1282.

⁷² Ingólfur V. Gíslason (n. 42) 17.

⁷³ Kvennaathvarf (n. 47).

⁷⁴ sama heimild.

⁷⁵ Ingólfur V. Gíslason (n. 42) 19.

⁷⁶ sama heimild.

⁷⁷ sama heimild.

⁷⁸ 112, „Andlegt ofbeldi“ <<https://www.112.is/ofbeldi/andlegt-ofbeldi>> Skoðað 23. febrúar 2022.

Fjárhagslegt ofbeldi er gjarnan flokkað undir andlegt ofbeldi. Meðal þess sem getur fallið undir fjárhagslegt ofbeldi er: þolanda er bannað að afla sér tekna eða tekjuöflun hamlað, þolanda er neitað að fá peninga, gerandi greiðir ekki reikninga sem eru nauðsynlegir fyrir heimilishald, sameiginlegar skuldir aðila eru skráðar á þolanda og hótanir hafðar uppi um slík málefni og fleira.⁷⁹ Þrátt fyrir þessa skilgreiningu ber að nefna að það er eðlilegur hluti af sambandi að makar tali um fjármál sín hvor við annan.

2.1.3. Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi er þegar aðili er neyddur til að framkvæma kynferðislegar athafnir sem hann vill ekki eða þegar aðili er snertur gegn vilja sínum.⁸⁰ Þrátt fyrir að aðili hafi ekki látið vilja sinn í ljós með neitun þýðir ekki að hann hafi samþykkt viðkomandi kynferðislega athöfn, þá þarf aðili ekki að beita sér gegn kynferðislegri athöfn til að vilja hana ekki.⁸¹ Meðal þess sem telst til kynferðislegs ofbeldis í nánu sambandi er: gerandi beitir hörku eða ofbeldi þegar verið er að stunda kynferðislegar athafnir án samþykkis þolanda, nauðgun, ef annar aðilinn er undir áhrifum hugbreytandi efna og getur ekki veitt samþykki, hótanir til að fá vilja sínum framgengt, að ýta á samþykku og fleira.⁸²

Ekki er langt síðan samfélagið taldi að karlar hefðu rétt á að stunda kynferðislegar athafnir með maka sínum, þrátt fyrir að hinn aðilinn vildi það ekki. Það hafa þó orðið miklar samfélagslegar framfarir á þessu sviði og farið er að viðurkenna að kynferðisbrot geti átt sér stað innan náins sambands tveggja aðila.

2.1.4. Ofbeldi á netinu

Ofbeldi á netinu eða stafrænt ofbeldi er meðal annars þegar gerandi hefur uppi hótanir við þolanda, kúgar út úr honum fé, dreifir persónulegu myndefni og/eða gögnum án samþykkis frá þolanda.⁸³ Með tilkomu internetsins hefur stafrænt ofbeldi aukist stórlega, vandamálið við það er að ofbeldið nær til svo stórs hluta notenda internetsins, það er, líkurnar eru gríðarlegar á að upplýsingarnar

⁷⁹ Ingólfur V. Gíslason (n. 42).

⁸⁰ Sjúk Ást, „Kynferðisofbeldi“ <<https://sjukast.is/ofbeldi-og-sambond/kynferdisofbeldi/>> Skoðað 23 febrúar 2022.

⁸¹ sama heimild.

⁸² sama heimild.

⁸³ Kvenréttindafélag Íslands, „Hvað er stafrænt ofbeldi?“ <https://kvenrettindafelag.is/wp-content/uploads/2017/09/IS_Stafr%C3%A6nt-ofbeldi-Web.pdf?fbclid=IwAR2uQoR6hTzskOCctY_H2iBLJNGqMoihcfxX8fHBOm9MPUbh2wFp14s2000> Skoðað 23. febrúar 2022.

sem deilt hefur verið sjáist og verði dreift áfram þrátt fyrir að upprunalegu færslunni hafi verið eytt.⁸⁴ Fjarlægð geranda við þolanda, þ.e. á bak við tölvuskjá, gerir geranda auðveldara fyrir að dreifa efninu og býr til ný tækifæri til þess að skaða þolandann.⁸⁵

Hefndarklám (e. revenge porn), er þegar kynferðislegu efni er dreift á internetinu án samþykkis þolanda og hefur þetta aukist gríðarlega á síðustu árum.⁸⁶ Brot af þessu tagi eru oft framin af maka þolandans, myndbandið eða myndin sem er í dreifingu hefur þá verið ætlað makanum einum en ekki öllum heiminum.⁸⁷ Á 152. löggjafarþingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um þolendamiðaða heildarendurskoðun almennra hegningarlaga⁸⁸ af Lenyu Rún Taha Karim, varaþingmanni Pírata. Í tillögunni er fjallað um að breyta þurfi alm. hgl. til þess að þolendur hefndarkláms og annars konar ofbeldis, fái meiri vernd frá réttarvörslukerfinu.

2.1.5. Umsáturseinelti

Með breytingarlögum nr. 5/2021⁸⁹, var bætt inn ákvæði í alm. hgl. um umsáturseinelti (e.stalking). Breytingarlögin telja tvö ákvæði og það fyrsta fjallar um 232. gr. a. alm. hgl. og seinna er gildistökuákvæði. Breytingarlögin voru samþykkt á Alþingi þann 4. febrúar 2021 og tóku gildi strax. Ákvæði 232. gr. a. alm. hgl. kveður á um umsáturseinelti og hljóðar svo:

Hver sem endurtekið hótar, eltir, fylgist með, setur sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti situr um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

Þessi lögfesting var liður stjórnvalda í fullgildingu Ístanbúl-samningsins⁹⁰, sem gerð voru skil í fyrsta kafla ritgerðar þessarar. Ákvæði um umsáturseinelti er að finna í 34. gr. Ístanbúl-samningsins. Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (umsáturseinelti)⁹¹, kemur fram að ákvæðið sé í fullu samræmi við ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands um friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stj.skr. Þá kemur fram í áður nefndu

⁸⁴ Bridget Harris og Laura Vitis, „Digital intrusions: technology, spatiality and violence against women“ (2020) 4. árgangur (3. tölublað) Journal of Gender-Based Violence 327.

⁸⁵ sama heimild 328.

⁸⁶ Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, „Afbrotið hefndarklám: Vandamál við saksókn brots sem ekki hefur verið skilgreint í lögum“ (2015) 68. árgangur (3. tölublað) Úlfljótur, tímarit laganema 425.

⁸⁷ sama heimild 427.

⁸⁸ Alþt. 2021-2022, A. deild, - þskj. 266 – 207. mál

⁸⁹ Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 1314 – 559. mál

⁹⁰ Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 133 – 132. mál

⁹¹ sama heimild.

frumvarpi að ákvæðið sé sett að fyrirmynd frá nágrannalöndum okkar, meðal annars Noregi og Finnlandi.

Það er ekki hægt að lista upp með tæmandi hætti þeim aðferðum sem hægt er að beita þegar verið er að brjóta gegn 232. gr. a. alm. hgl. og því eru orðin „með sambærilegum hætti“ í ákvæðinu til þess að hægt sé að fara út fyrir þær aðferðir sem taldar eru upp í ákvæðinu.⁹²

2.2. Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er varða ofbeldi í nánnum samböndum

Með breytingarlögum nr. 27/2006 á almennum hegningarlögum⁹³, var bætt við löginn nýrri málsgrein í 3. mgr. 70. gr. laganna, sem er refsíþyngingarástæða og hljóðar svo:

Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákomin geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Þetta ákvæði er það fyrsta sem tók sérstaklega á tengslum þolanda og geranda og með setningu ákvæðisins var loks gert mögulegt að þyngja refsingu á grundvelli tengsla, sem þótti mikil framför.⁹⁴ Í frumvarpi með breytingarlögum nr. 27/2006⁹⁵, kemur fram að til að hægt sé að beita þessu ákvæði sem refsíþyngingu þurfa nán tengsl að hafa verið til staðar milli þolanda og geranda á þeirri stundu er hinn refsiverði verknaður var framinn. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að hægt sé að þyngja refsingu ef nán tengsl eru milli þolanda og geranda.⁹⁶

Með sömu breytingarlögum⁹⁷ var einnig lögfest nýtt ákvæði í XXV. kafla alm. hgl., ákvæðið er að finna í 233. gr. b. og kveður á um að ef aðili móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem tengist geranda með nánnum hætti, má dæma hann í allt að tveggja ára fangelsi. Refsinæmi ákvæðisins einskorðast við stórfelldar ærumeiðingar.

Ákvæði 218. gr. b. alm. hgl., fjallar um endurtekið ofbeldi í nánnum samböndum. Refsihámarkið er 6 ára fangelsi skv. 1. mgr. 218. gr. b. en ef brot er stórfellt getur refsing verið allt að 16 ára fangelsi, sbr. 2. mgr. 218. gr. b. alm. hgl. Ákvæðið í heild sinni hljóðar svo:

⁹² sama heimild

⁹³ Alþt. 2005-2006, A-deild, þskj. 1089 – 365. mál

⁹⁴ Ingibjörg Ruth Gulin, „Kynbundið ofbeldi í nánnum samböndum“ (Úlfjótur, Tímarit laganema 2019) 7.

⁹⁵ Alþt. 2005-2006, A- deild, þskj. 419 – 365. mál. – Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (heimilisofbeldi).

⁹⁶ Svala Ísfeld Ólafsdóttir (n. 41) 92.

⁹⁷ sama heimild.

Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.]¹⁾

Að hafa ákvæði 218. gr. b. alm. hgl. í kaflanum sem fjallar um manndráp og líkamsmeiðingar, er í samræmi við refsilöggjöf í Noregi.⁹⁸ Refsinæmi 218. gr. b. alm. hgl. er ekki háð því að sú verknaðaraðferð sem gerandi beitti við brot á ákvæðinu, geti talist refsiverð háttsemi samkvæmt alm. hgl.⁹⁹ Þá ber að nefna að ákvæðinu er ekki hægt að beita með öðrum ákvæðum hegningarlagna.¹⁰⁰ Með lögfestingu 218. gr. b. alm. hgl. var löggjafinn að staðfesta að möguleiki sé á að börn skaðist vegna ofbeldis í nánnum samböndum og að það verði að vernda þau fyrir þeim aðstæðum.¹⁰¹

Nú nýlega kvað Hæstiréttur Íslands upp stefnumarkandi dóm hvað varðar heimfærslu brota er varða ofbeldi í nánnum samböndum en oft var háttsemi sem hefði verið hægt að heimfæra undir 1. mgr. 218. gr. b. alm. hgl., færð undir 1. mgr. 217. gr. alm. hgl.:

Hrd. mál nr. 47/2021. Aðili var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga. Sú háttsemi sem heimfærð var undir ákvæðið var eftirfarandi, hann réðst á kærustu sína, hrinti henni með þeim afleiðingum að hún datt niður stiga, reif í hár hennar, skallaði hana í höfuð og tók hana hálstaki. Landsréttur hafði áður heimfært háttsemi þessa undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga er kveður á um líkamsárás en vegna tengsla aðila máls taldi Hæstiréttur rétt að heimfæra undir 1. mgr. 218. gr. b. laganna. Þá tók Hæstiréttur sérstaklega fram í dómi sínum að sá sem brotið beinist að, þolandi, þarf ekki að hafa orðið fyrir sjáanlegum áverkum eða tjóni til þess að hægt sé að heimfæra háttsemi til ákvæðisins. Þó ber hér að nefna að þolandi var með áverka á mörgum stöðum líkama síns sem voru þó ekki taldir verulega hættulegir. Fangelsisrefsing var talin nauðsynleg og henni markaður 10 mánuðir en fullnustu hennar var frestað skilorðsbundið í tvö ár.

⁹⁸ Svala Ísfeld Ólafsdóttir (n. 41) 88.

⁹⁹ sama heimild 89.

¹⁰⁰ sama heimild.

¹⁰¹ sama heimild 94.

Kafli 3 – Viðurlög við brotum. Brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili

3.1. Úrræði og viðurlög við ítrekuðum brotum og beiting þeirra í framkvæmd

Líkt og áður sagði og með vísan í 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. eru viðurlögin við brotum gegn nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili samkvæmt lögum nr. 85/2011, sektir eða fangelsi allt að einu ári. Þá er heimild í 2. másl. 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. til þess að dæma aðila í tveggja ára fangelsi ef brotið er ítrekað eða stórfellt. Ákvæði þetta í almennum hegningarlögum er ítrekunarheimild ef aðilar fremja brot oft eða ef brotið er stórfellt. Almennu ítrekunarheimildina í refsirétti er að finna í 71. gr. alm. hgl. sem kveður á um aukna hegningu eða viðurlög við ítrekun brots. Ákvæði 1. mgr. 71. gr. alm. hgl. hljóðar svo:

Þegar lög ákveða eða heimila aukna hegningu eða önnur viðurlög við ítrekun brots, skal ekki beita þeim ákvæðum, nema sökunautur hafi, áður en hann framdi síðara brotið, verið dæmdur sekur um brot eða gengist undir refsingu hér á landi fyrir brot, sem ítrekunaráhrif hefur á síðara brotið, eða tilraun til eða hlutdeild í slíku broti, og að hann hafi þar að auki verið fullra 18 ára, þegar hann framdi fyrra brotið.

Ákvæðunum tveimur, 71. gr. alm. hgl. og 2. másl. 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. hefur ekki oft verið beitt saman í framkvæmd. Af því má draga þá ályktun að ítrekunarheimildin í 2. másl. 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. sé nægjanleg í brotum sem slíkum og ekki þörf á að beita hinni almennu ítrekunarheimild samhliða. Hér vísast þó til dóms Héraðsdóms Reykjaness:

Héraðsdómur Reykjaness 26. maí 2020 í máli nr. S-248/2019. Aðili var ákærður fyrir stórfellt brot í nánu sambandi gagnvart fyrrverandi maka sínum, hann hafði áður hlotið refsidóma fyrir brot gegn henni. Honum hafði verið gert að sæta nálgunarbanni í u.þ.b. fjóra mánuði en braut ítrekað gegn því. Í dómnum segir að ákærði hafi verið sakfelldur fyrir brot sem voru framin fyrir uppkvaðningu refsidóma sem hann hlaut þann 19. febrúar og 11. október 2019 en niðurstöður þeirra dóma voru tveggja ára fangelsi. Því var talið að nauðsynlegt væri að dæma hegningarauka og litið til þess að ákærði hafði áður gerst sekur um brot gegn nálgunarbanni og hlotið dóm fyrir það þann 12. júlí 2017. Vísar dómurinn hér til ákvæðis 71. gr. alm. hgl. sem og 1. mgr. 232. gr. þeirra.

Þá er mögulegt að dæma aðila í gæsluvarðhald vegna ítrekaðra brota gegn nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili ef talið sé að öryggi brotþola verði ekki verndað með öðrum og vægari úrræðum. Dómstólar hafa ítrekað dæmt aðila í gæsluvarðhald á þessum grundvelli. Heimild þessa er að finna í 95. gr. sml. sem kveður á um að sakborningur verði aðeins úrskurdaður í gæsluvarðhald ef til staðar er rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem fangelsisrefsing er lögð við. Hér ber sérstaklega að vísa til c-liðar og d-liðar 1. mgr. 95. gr. sml. sem eru svohljóðandi:

c. að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið eða rökstuddur grunur leiki á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi,

d. að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings ellegar hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

C-liður ákvæðisins er síbrotákvæði en í dómaframkvæmd hefur verið vísað til beggja liðanna ef aðilar brjóta ítrekað gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili. Þetta má meðal annars lesa út úr eftirfarandi úrskurði Landsréttar:

Úrskurður Landsréttar mánudaginn 11. maí 2020 í máli nr. 286/2020. Landsréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um að aðila yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli c- og d-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Aðilinn hafði ítrekað beitt brotþola andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi og áður hafði verið fallist á að aðilinn skyldi sæta nálgunarbanni sem og brottvísun af heimili. Hann braut ítrekað gegn þessu með símtölum, skeytasendingum og að nálgast brotþola á almannafæri sem og með komu á heimili hennar og skyldmenna. Dómurinn taldi rökstuddan grun vera á að hann hefði framið þau refsiverðu brot sem honum var gert að sök og ekki talið að öryggi hennar yrði verndað með vægari úrræðum en að setja aðilann í gæsluvarðhald.

3.2. Dómaframkvæmd og úrskurðir

Til þess að átta sig á hversu algengt er að fallist sé á og dæmt fyrir brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum var farið í að skoða dóma og úrskurði íslenskra dómstóla. Skoðaðir voru 67 dómar og úrskurðir þar sem fallist var á að beita nálgunarbanni eða brottvísun af heimili með því markmiði að sjá hversu algengt er að dómstólar fallist á að beita úrræðunum og hversu algengt er að dæmt sé fyrir brot gegn úrræðunum. Skoðaðir voru 19 dómar þar sem sakfelld eða sýknað var fyrir brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum. Tímabilið sem einblínt var á við skoðun dómanna var eftir að lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili tóku gildi, þ.e. eftir árið 2011 en þó voru skoðaðir nokkrir dómar sem féllu fyrir það.

3.2.1. Dómaframkvæmd og úrskurðir þar sem fallist var á nálgunarbann eða brottvísun af heimili

Ljóst er að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 85/2011, tekur lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans ákvörðun um nálgunarbann eða brottvísun af heimili og ber síðan í kjölfarið ákvörðun um beitingu úrræðanna undir dómstóla, sbr. 1. mgr. 12. gr. laganna. Dómurinn tekur þá ákvörðun um hvort beiting úrræðanna standi eða ekki og hvort marka þurfi annan tíma en gert hafði verið í hinni

upprunalegu ákvörðun. Kæruheimildin er líkt og áður sagði í 15. gr. laganna en komist héraðsdómur að niðurstöðu sem aðilar málsins vilja ekki una, er heimilt að kæra úrskurðinn til Landsréttar og Hæstaréttar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, skv. 4. mgr. 15. gr. laganna.

Dómur Hæstaréttar þriðjudaginn 8. mars 2016 í máli nr. 180/2016. Í málinu var kærður úrskurður héraðsdóms þar sem kröfu lögreglustjórans á Suðurlandi um nálgunarbann og brottvísun af heimili, var hafnað. Hæstiréttur féllst á með lögreglustjóranum að nauðsynlegt væri að vísa aðila málsins brott af heimili sínu auk þess að dæma nálgunarbann. Hann hafði áður sætt nálgunarbanni og lögreglan taldi rökstuddan grun á að hann myndi koma á heimili brotþola sem og barna þeirra þannig að ekki væri hægt að gæta að öryggi þeirra með öðrum hætti en nálgunarbanni. Nálgunarbanninu var markaður fjögurra mánaða tími.

Hér ber að taka fram að þessi dómur féll áður en Landsréttur hóf störf árið 2018 og í dag hefði úrskurður héraðsdóms verið kærður til Landsréttar. Telji lögreglustjórar og dómstólar *rökstuddan grun* á að ákærði muni brjóta á brotþola, er líklegra að þeir fallist á beitingu úrræðanna en ella. Þetta má meðal annars lesa út úr eftirfarandi úrskurði:

Úrskurður Landsréttar föstudaginn 21. desember 2018 í máli nr. 922/2018. Staðfestur úrskurður héraðsdóms þar sem aðila var gert að þola nálgunarbann í tvo mánuði. Lögreglustjórinn á Suðurlandi hafði ákveðið að aðilanum yrði gert að sæta nálgunarbanni á grundvelli 4. gr. laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Aðili hafði beitt brotþola ofbeldi sem komst upp þegar barn greindi frá ofbeldinu og félagsþjónustan tilkynnti lögreglu um það. Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu og lýsti fjórum tilvikum þar sem aðilinn, sambýlismaður hennar, beitti hana líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi. Lögreglustjórinn taldi að til staðar hafi verið rökstuddur grunur á að aðilinn hafi beitt ofbeldinu sem brotþoli lýsti yfir og að hætta væri á að hann myndi endurtaka það, var því ákveðið að varnaraðila yrði gert að sæta nálgunarbanni.

Af þessum úrskurði má draga þá ályktun að ef að öryggi brotþola verður ekki verndað með vægari úrræðum en nálgunarbanni eða brottvísun af heimili, er almennt fallist á beitingu úrræðanna. Þessi sjónarmið má einnig sjá nefnd í úrskurði Landsréttar frá 2019.

Úrskurður Landsréttar fimmtudaginn 3. janúar 2019 í máli nr. 1/2019. Landsréttur staðfesti hér úrskurð héraðsdóms sem kvað á um að aðila yrði gert að sæta nálgunarbanni í tvo mánuði á grundvelli laga nr. 85/2011. Varnaraðili hafði beitt eiginkonu sína ítrekuðu ofbeldi og hótunum sem voru til þess fallnar að vekja hjá henni raunverulegan ótta. Þá hafði lögreglan ítrekað haft afskipti af heimili þeirra og í málinu lá fyrir læknisvottorð vegna þeirra áverka er brotþoli hafði hlotið vegna árásar. Taldi dómurinn að öryggi hennar yrði ekki verndað með vægara úrræði en nálgunarbanni.

Ef brotapolar hafa áður fengið nálgunarbann á geranda eða kært vegna ofbeldis, virðist það einnig renna stöðum undir beitingu úrræðanna, má meðal annars lesa þetta út úr eftirfarandi dómum og úrskurðum:

Dómur Hæstaréttar þriðjudaginn 10. maí 2016 í máli nr. 352/2016. Hæstiréttur staðfesti hér úrskurð héraðsdóms þar sem varnaraðila var gert að þola nálgunarbanni. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fór fram á að varnaraðila yrði gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola og dætrum þeirra í sex mánuði. Samkvæmt nálgunarbanninu mátti hann ekki koma á eða nálægt heimili brotþola og dætra sinna, veita þeim eftirför, nálgast á almannafæri eða hafa samband við þær með nokkrum hætti. Hann hafði áður sætt nálgunarbanni í nokkur skipti. Hann raskaði ítrekað friðhelgi brotþola og talið að öryggi hennar og dætra þeirra væri ekki verndað með vægara úrræði en nálgunarbanni og tími þess var ákveðinn sex mánuðir.

Úrskurður Landsréttar föstudaginn 4. maí 2018 í máli nr. 389/2018. Staðfestur úrskurður héraðsdóms þar sem aðila var gert að sæta bæði nálgunarbanni og brottvísun af heimili á grundvelli laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011. Ástæða nálgunarbannsins var ítrekað heimilisofbeldi kærða gagnvart brotþola sem var eiginkona hans. Aðilanum hafði verið gert að sæta gæsluvarðahaldi með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness vegna þess að hann hafði ítrekað beitt eiginkonu sína andlegu, líkamlegu, kynferðislegu og fjárhagslegu ofbeldi. Í málinu lágu fyrir áverkavottorð til stuðnings máli brotþola og lögreglustjórinn taldi rökstuddan grun á að hann hafi beitt eiginkonu sína ofbeldi og að öryggi hennar yrði ekki gætt með öðrum hætti en nálgunarbanni og brottvísun af heimili. Var nálgunarbanninu og brottvísuninni markaður einn mánuður.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 17. september 2021 í máli nr. 37/2021. Aðili var meðal annars ákærður fyrir stórfelld brot í nánú sambandi með því að hafa ítrekað beitt fyrrverandi sambyliskonu sínu alvarlegu ofbeldi um áraskeið. Ákærða hafði ítrekað verið gert að sæta nálgunarbanni og brottvísun af heimili, meðal annars með ákvörðun lögreglustjórans á Suðurnesjum frá 8. mars 2020 sem var talið styðja að ákærði hefði gerst sekur um brot þau sem rakin voru í ákærinni. Úrræðin nálgunarbann og brottvísun af heimili virtust ekki hafa neitt að segja fyrir ákærða og því var refsing hans ákveðin fangelsi í 16 mánuði.

Dómur Hæstaréttar miðvikudaginn 3. ágúst 2016 í máli nr. 553/2016. Hér staðfesti Hæstiréttur ákvörðun sem lögreglustjóri hafði tekið um að aðila yrði gert að sæta nálgunarbanni á grundvelli laga nr. 85/2011. Varnaraðili hafði verið grunaður um að beita barnsmóður sína líkamlegu ofbeldi ásamt öðru frá árinu 2010. Honum hafði áður verið gert að sæta nálgunarbanni sem hafði verið fellt úr gildi. Nálgunarbann þessu er málið varðar var markaður sex mánaða tími.

Sjónarmið sem dómstólar taka til greina í öllum ofangreindum úrskurðum er hvort hægt sé að vernda líf og heilsu brotþola með öðrum og vægari hætti. Er þetta líklega vegna þess að úrræðin

nálgunarban og brottvísun af heimili eru íþyngjandi fyrir báða aðila máls, þ.e. brotþola og geranda þannig að réttast er að standa vel að ákvörðun um beitingu þeirra. Það er þá einnig skilyrði að rökstuddur grunur sé á að viðkomandi hafi framið brot, það þurfa að liggja fyrir nægjanlegar sannanir og jafnvel játning.

3.2.2. Dómaframkvæmd þar sem fjallað er um brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum

1. mgr. 232. gr. alm. hgl. er beitt þegar aðilar hafa brotið gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili. Þegar aðili hefur brotið gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili er algengt að hann hafi einnig framið fleiri brot, s.s. kynferðisbrot, ofbeldisbrot eða annað. Af skoðun dóma má leiða að algengast er að brotin beinist gegn maka eða fyrrverandi maka en þó eru dæmi um það í dómasafni að brotin beinist einnig gegn börnum:

Dómur Hæstaréttar fimmtudaginn 17. september 2020 í máli nr. 54/2019. Aðili var sakfelldur fyrir margvísleg brot gegn fyrrverandi eiginkonu sinni og blygðunarsemis- og barnaverndarlagabrot gagnvart syni þeirra. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir um 950 brot á nálgunarbanni samkvæmt 232. gr. alm. hgl. Beitti ákærði brotþola ítrekuðu og alvarlegu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi á meðan sambandi þeirra stóð. Þá horfði hann á klámmyndir og fróaði sér með son sinn viðstaddan. Brotin gegn nálgunarbanni beindust öll að þáverandi eiginkonu hans og eitt þeirra beindist einnig að syni þeirra og þau brot játaði ákærði skýlaust. Ákærði hafði áður hlotið þrjá refsídóma í Póllandi, meðal annars fyrir brot gegn brotþola og kynferðisbrot gegn ungri stúlku. Við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til þess að ákærði átti sér engar málsbætur og háttsemi hans var framin með sérstaklega skaðlegum og meiðandi hætti. Refsing var því ákveðin fangelsi í sex ár.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 12. október 2016 í máli nr. S-485/2016. Aðili var sakfelldur fyrir margvísleg brot gegn eiginkonu sinni og stjúpdætrum hans. Meðal þeirra brota sem hann framdi voru ítrekuð kynferðisbrot gegn eiginkonu sinni, brot á nálgunarbanni, stórfelldar ærumeiðingar, kynferðisleg áreitni gegn stjúpdætrum sínum og hótanir um kynferðisbrot gegn þeim. Með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 7. mars 2016 var ákærða gert að sæta brottvísun af heimili þeirra og nálgunarbanni. Ákærði braut ítrekað gegn þeim nálgunarböndum sem fengin voru gegn honum, meðal annars með samskiptum í síma með skilaboðum og símhringingum úr ýmsum símanúmerum og komu nálægt heimili brotþola, sem honum var bannað. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að hann hafði ekki áður verið dæmdur fyrir refsiverð brot en brotin sem hann framdi voru alvarleg og sérstaklega ógeðfelld að mati dómsins. Þá var meðal annars vísað til 3. mgr. 70. gr. við ákvörðun refsingar og refsing ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Dómarar virðast almennt líta mikið til þess við ákvörðun refsingar þegar börn eru í spilunum að ákærði á sér engar málsbætur og háttsemi er sérstaklega ógeðfelld. Þá er einnig þekkt að brotin beinist einnig að núverandi maka fyrrverandi maka hins ákærða líkt og í eftirfarandi dómi Hæstaréttar:

Dómur Hæstaréttar fimmtudaginn 26. janúar 2006 í máli nr. 283/2005. Aðili var ákærður fyrir tvö brot gegn nálgunarbanni með því að hafa átt samskipti við fyrrverandi sambýliskonu sína og núverandi sambýlismann hennar. Með úrskurði hafði ákærða verið gert að sæta nálgunarbanni í níu mánuði frá 20. janúar 2004 og nálgunarbannið var framlengt um sex mánuði með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur þann 20. september 2004. Aðilum málsins bar ekki saman um brotin og hvernig þeim hafi verið háttað og var ekki talið sannað að atvik hefðu átt sér stað með þeim hætti sem talið var, var ákærði því sýknaður af brotum gegn nálgunarbanni, sbr. 232. gr. alm. hgl.

Af þessum gamla dómi Hæstaréttar má þá einnig sjá að þar sem að aðilum bar ekki saman og engin frekari sönnunargögn voru fyrir brotunum, var ákærði sýknaður. Það þurfa því að vera haldbær sönnunargögn fyrir því að aðili hafi brotið gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili til þess að hægt sé að dæma fyrir brot gegn úrræðunum. Þegar sönnunargögnin eru til staðar veða þau gríðarlega þungt og geta aðilar fengið háar refsingar, þetta má meðal annars sjá í dómi Landsréttar:

Dómur Landsréttar föstudaginn 19. nóvember 2021 í máli nr. 239/2021. Aðili sakfelldur fyrir kynferðisbrot og einnig fyrir brot í nánu sambandi. Hann hafði meðal annars reynt að stunda mök með sambýliskonu sinni, beitt hana harkalegu andlegu og líkamlegu ofbeldi og brotið gegn nálgunarbanni sem hún hafði fengið, ítrekað. Þá var aðilinn einnig sakfelldur fyrir húsbrot og eignaspjöll fyrir þá háttsemi að brjóta rúðu á íbúð fyrrum sambýliskonu sinnar og fara þangað inn í leyfisleysi. Brotapoli hafði fengið sex mánaða nálgunarbann og braut aðilinn a.m.k. fimm sinnum gegn því meðal annars með því að setja sig í samband við hana en ákærvaldið fékk frá sakargiftum vegna brots á nálgunarbanni. Við ákvörðun refsingar varðandi aðra ákæruliði leit dómurinn meðal annars til þess að hann ætti sér engar málsbætur og var hann dæmdur í sjö ára fangelsi.

Í þessum dómi hafa mögulega ekki verið næg sönnunargögn fyrir broti gegn nálgunarbanni og ákærvaldið ákvað að falla frá sakargiftum vegna þess en aðilinn var sakfelldur fyrir annars konar brot. Þessi dómur staðfestir að það þurfa að vera líkur og sönnur á að aðili hafi framið brot til þess að hægt sé að ákæra fyrir það.

Þekkt aðferð til að brjóta nálgunarbann er að hafa samband við brotapola í gegnum samfélagsmiðla og smáskilaboð, líklegt er að þetta stafi af því hversu auðvelt er að hafa samband

við brotþola á slíkum vettvangi. Þetta getur verið liður í að viðhalda svokölluðu ógnarástandi yfir brotþola og láta hann vita að gerandinn sé alltaf að fylgjast með og geti haft samband þegar hann vill. Í eftirfarandi dómi hafði gerandi meðal annars sett sig í samband við þolanda í gegnum síma og samfélagsmiðla:

Dómur héraðsdóms Vestfjarða miðvikudaginn 26. október 2016 í máli nr. S-51/2016. Aðili var meðal annars sakfelldur fyrir brot gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili samkvæmt úrskurði héraðsdóms Vestfjarða í máli nr. R-5/2016. Ákærði hafði 1205 sinnum samband við brotþola í gegnum síma, kom fyrir utan vinnustað hennar og heimili. Með háttsemi sinni var hann talinn hafa vakið raunverulegan ótta um líf sitt hjá brotþola. Hann játaði brot sín sem var virt honum til málsbóta og var hann talinn sjá eftir brotum þeim sem hann framdi. Við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til 3. mgr. 70. gr. alm. hgl. og refsing ákveðin fangelsi í níu mánuði.

Þegar ákærði hefur ítrekað fengið nálgunarbann á sig virðast dómarmar líta til einbeitts brotavilja, þ.e., líklegra er að hann haldi áfram að fremja brot gegn nálgunarbanninu en ella. Kemur þetta meðal annars fram í dómi héraðsdóms Austurlands þar sem að brotþoli hafði ítrekað fengið nálgunarbann sem brotið var gegn:

Dómur héraðsdóms Austurlands miðvikudaginn 24. mars 2021 í máli nr. S-188/2020. Aðili var sakfelldur fyrir húsbrot, kynferðisbrot, stórfellt brot í nánu sambandi og brot gegn nálgunarbanni með því að ógna lífi og heilsu eiginkonu sinnar. Brotþoli var beitt miklu líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi ef hún „óhlýðnaðist“ hinum ákærða. Hann sætti nálgunarbanni samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra og dómstóla í þrjú skipti en braut a.m.k. 1212 sinnum gegn þeim bönnum. Við ákvörðun refsingar vísaði dómurinn meðal annars til einbeitts brotavilja hins ákærða og að þau væru alvarlegt brot á trausti hennar. Refsing var ákveðin 15 mánaða fangelsi fyrir brotin en 12 mánuðum af refsingunni var frestað og látinn falla niður að loknum þremur árum, haldi ákærði skilorð.

Líkt og sjá má af ofangreindum dómum hefur ekki verið ákært einungis fyrir brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili í málum sem varða ofbeldi í nánnum samböndum, það eru fleiri brot í samsteypu sem ákært er fyrir. Vegna þessa er erfitt að grein fyrir því nákvæmlega hversu strangar refsingar eru við brotunum. Þó má draga þá ályktun að strangar sönnunarkröfur eru fyrir brotum og jafnvel þarf að vera til staðar játning ákærða til að það sé sakfelld.

3.2.3. Niðurstöður af skoðun dóma og úrskurða

Til er ógrynni af dómum og úrskurðum þar sem fallist hefur verið á að beita nálgunarbanni eða brottvísun af heimili vegna ofbeldis í nánnum samböndum. Þá eru einnig til þó nokkrir úrskurðir

þar sem fallist var á beitingu gæsluvarðhalds sem verndarúrræði vegna brota. Það eru hins vegar ekki til margir dómar þar sem dæmt er fyrir brot gegn úrræðunum í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum.

Ef aðilum ber ekki saman um hvernig brotum var háttað, ber að líta til þeirrar meginreglu sakamálaréttarfars að túlka eigi allan vafa sakborningi í hag þar sem að sönnunarbyrði um sekt og atvik sem telja má ákærða í óhag hvílir á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga um meðferð sakamála. Ef ekki tekst að sanna með fullnægjandi hætti að atvik hafi átt sér stað með tilteknum hætti, er sýknað af broti gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili. Þetta stafar líklega af því að það er gríðarlega erfitt að sanna „orð gegn orði“ og því eru strangar kröfur gerðar á sönnunargögn í sakamálum.

Líkt og áður sagði er erfitt að gera grein fyrir hversu þungar fangelsisrefsingar við brotum gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili eru í raun. Hér ber þó að vísa til þess að dómar héraðsdómstóla hafa takmarkað fordæmisgildi og því verður ekki hægt að taka niðurstöðu héraðsdómstóla í málum sem nefnd eru hér að ofan, án fyrirvara um að æðri dómstólar gætu breytt um stefnu og dæmt öðruvísi. Dómarar virðast gjarnan líta til þess við ákvörðun refsingar hve einbeittur brotavilji sakbornings er þegar hann fremur eðlislík brot aftur og aftur, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. alm. hgl. Þá ber að nefna að það er til þyngingar refsingar ef brotin eru talin vekja raunverulegan ótta hjá brotapolá, sem algengt virðist vera í málum sem þessum þar sem að gerandi hefur áður brotið gegn þolanda.

3.3. Þarf að herða refsingar eða breyta þeim? Viðtöl við þolendur sem hafa fengið nálgunarbann vegna ofbeldis í nánnum samböndum

Höfundur tók viðtal við tvær íslenskar konur sem fengið höfðu nálgunarbann á aðila sem beitti þær ofbeldi í nánnum samböndum. Báðar höfðu þær fengið nálgunarbann gegn fyrrum maka. Markmiðið með þessum viðtölum var að fá nálgun á áhrifin sem brot gegn nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili hefur á þolendur ofbeldis í nánnum samböndum. Viðtölin voru tekin í algjörum trúnaði og var viðmælendum frjálst að leita út fyrir spurningarnar og engar kröfur voru gerðar til þess að þær myndu svara öllum þeim spurningum er lagðar voru fyrir þær, einungis þeim spurningum sem þær treystu sér til að svara. Fyrra viðtalið var tekið skriflega í gegnum tölvupóst þar sem viðmælenda var sent skjal með spurningunum sem höfundur hafði ákveðið fyrir fram og hún svaraði þeim. Höfundur færði svör hennar yfir í textaform og fylgdi viðtalinu eftir með tölvupósti, viðmælandinn

gerði smávægilegar athugasemdir við þann texta sem höfundur hafði skrifað og gaf í kjölfarið samþykki sitt fyrir birtingu upplýsinganna í ritgerðinni. Seinna viðtalið var tekið í gegnum fjarfundabúnað og viðmælandi hafði fengið sent skjalið með spurningunum til þess að undirbúa sig fyrir viðtalið sem var síðan tekið þann 10. apríl 2022. Í kjölfar viðtalsins og úrvinnslu upplýsinganna hafði höfundur samband við viðmælandann í gegnum tölvupóst og leitaðist eftir samþykki fyrir birtingu upplýsinganna í ritgerðinni sem var veitt.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir viðmælendur og var þeim frjálst að hætta viðtali hvenær sem er og svara einungis þeim spurningum sem þær treystu sér til.

- a. Hver var aðdragandinn að því að þú fékkst nálgunarbann?
- b. Hvað var nálgunarbannið langt?
- c. Hafði gerandi samband við þig á meðan nálgunarbanninu stóð? Ef já, voru einhverjar afleiðingar?
- d. Fannst þér þú vera örugg á meðan nálgunarbanninu stóð?
- e. Hvernig fannst þér verndin sem yfirvöld veita í kringum nálgunarbann?
- f. Hvaða breytingar, ef nokkrar, finnst þér að hægt sé að gera á úrræðinu til þess að það virki betur fyrir þolendur og veiti þeim meiri vernd?

3.3.1. Polandi A

Polandi A fékk nálgunarbann á aðila sem hún hafði átt í sambandi við vegna ítrekaðs heimilisofbeldis í sinn garð. Hún hafði gert margar tilraunir til að slíta sambandinu sem gekk að lokum en þá breyttist ofbeldið og áreitið að mestu í umsátur og hótanir um líkamlegt ofbeldi. Í kjölfar líkamsárásar þar sem að gerandinn réðst á hana, fékk hún loks nálgunarbann sem varði í hálf ár og upplifði hún sig ekki örugga á meðan því stóð. Þá er mikilvægt að komi fram að það var ekki hún sjálf sem óskaði eftir nálgunarbanninu heldur yfirvöld þar sem að henni var svo mikil hætta búin en þrátt fyrir það var ekkert aðhafst í þau skipti sem hann braut gegn banninu. Gerandi braut ítrekað gegn nálgunarbanninu með því að setja sig í samband við hana í gegnum síma og fleira. Í eitt skipti veitti hann henni eftirför á bifreið sem endaði með því að hún notaði neyðarhnapp sem henni hafði verið veittur og lögreglan kom á svæðið. Hann náði að kýla lögreglukonu og fékk dóm fyrir brot gegn valdstjórninni en ekkert fyrir brot á nálgunarbanni. Gerandi var í haldi lögreglu í um 12 klukkustundir eftir handtökuna, var yfirheyrður og í kjölfarið sleppt úr haldi. Eftirfarandi

var haft eftir þolanda A í viðtali sem tekið var við hana skriflega þann 5. mars árið 2022: „Það var ekkert aðhafst í öll þau skipti sem nálgunarbandið var brotið.“

Hún kvað nálgunarbandið hafa veitt sér litla sem enga vernd og virðist sem réttarúrræðið sé einhvers konar lagaákvæði sem hægt sé að hundska og fylgja ekki eftir án þess að það hafi raunverulegar afleiðingar. Þrátt fyrir ítrekuð brot gegn nálgunarbandinu hlaut gerandi enga refsingu. Hún fékk hins vegar á endanum afhentan neyðarhnapp sem veitti henni meira öryggi en úrræðið nálgunarband.

3.3.2. Polandi B

Polandi B fékk nálgunarband á fyrrverandi maka sinn á grundvelli ítrekaðs ofbeldis, umsáturs og hótana í sinn garð. Gerandi var ákærður og síðar sakfelldur fyrir brot gegn barnaverndarlögum, líkamsárás, hótanir, brot gegn nálgunarbandi og brot gegn blygðunarsemi. Líkamsárásin var sérstaklega hættuleg og synir þolanda urðu vitni að árásinni. Lögregla var kölluð til, þolandi færð á sjúkrahús til aðhlynningar og gerðar áverkavottorðs og gerandi handtekinn. Þá sendi gerandi tölvupósta með trúnaðarupplýsingum og athöfnum sem sýndu þolanda í kynferðislegum athöfnum á aðila er tengdust þolanda með það að markmiði að særa æru hennar.

Með úrskurði hafði hún fengið nálgunarband á geranda sem var markaður sex mánaða tími. Hann elti hana alls staðar, hún upplifði sig aldrei örugga á meðan þessu nálgunarbandi stóð. Hann braut ítrekað gegn nálgunarbandinu með því að senda þolanda 868 skilaboð í gegnum farsíma, tölvupóst og Facebook þar sem hann hafði stofnað aðganga undir fölsku nafni með það að markmiði að ná til þolanda og hafa samband við hana. Polandi flutti með börnin sín út á land vegna áreitnis frá geranda en það hjálpaði lítið þar sem að hann hótaði ítrekað að koma þangað og áðurnefndir tölvupóstar voru meðal annars sendir á vinnuveitanda hennar og fleiri í samfélaginu. Þá sendi gerandi þolanda mynd af leiði ömmu hennar í eitt skipti og með myndinni fylgdi sú hótun að svona myndi einnig fara fyrir henni. Þrátt fyrir dóm og úrskurð hætti hann ekki að brjóta nálgunarbandið til að viðhalda því ógnarástandi sem hafði skapast og láta hana vita að hann myndi alltaf ná til hennar. Hann hafði ítrekað samband við hana eftir að dómurinn féll og lítið sem ekkert var gert til að vernda hana af hálfu yfirvalda.

Verndin sem yfirvöld veita í tengslum við úrræðið er að hennar mati lítil sem engin. Hún fór oft og kærði á lögreglustöðvum út um allt land og fór oftast en einu sinni fyrir dóm en samt veitti úrræðið henni ekkert öryggi. Hún kærði fjórar líkamsárásir en þrjár kærur týndust í ferlinu,

Það var mjög margt í málinu hennar sem klúðraðist af hálfu yfirvalda. Þá var henni ráðlagt af lögreglumönnum og fleirum að ráða aðila til að ganga í skrokk á gerandanum og hóta honum í þeim tilgangi að fá hann til að hætta að elta hana. Hún upplifði sig eina þar sem að þolendaskömm í samfélaginu er gríðarleg. Hún átti að losa sig við þennan mann en fékk til þess enga aðstoð. Í eitt skipti fór hann inn á heimili hennar þegar hún fór út með ruslið og læsti sig inni og neitaði að koma út. Sérsvaitin kom á vettvang en ekkert var hægt að gera þar sem að hann hafði fært lögheimili sitt til hennar án þess að hún vissi af. Henni var sagt að það væri ekki hægt að færa aðila af lögheimili sínu sem er að sjálfsögðu ekki rétt og hægt er að beita úrræðinu brottvísun af heimili í slíkum tilfellum. Ef aðilar ákveða að brjóta gegn nálgunarbanni og eru andlega veikir líkt og gerandinn í þessu tilviki þá er ekkert sem stöðvar þá. Eftirfarandi var haft eftir henni í viðtalinu: „Ég hefði aldrei lagt í að fá nálgunarbann ef ég hefði enn búið með börnin á höfuðborgarsvæðinu, fór fram á bann þegar ég hafði flúið út á land en hefði allt eins geta sleppt því þar sem að verndin var engin.“

Varðandi breytingar á úrræðinu telur hún að viðurlög þurfi að vera harðari. Auðvitað á að vera erfitt að fá nálgunarbann þar sem að það er mjög íþyngjandi úrræði fyrir báða aðila en þegar liggja fyrir sannanir um brot og jafnvel alvarlegir áverkar, líkt og í hennar tilviki, eiga aðilar að fara beint í gæsluvarðhald þegar þeir brjóta gegn úrræðinu. Það þyrfti einnig að ganga lengra í lagasetningu og breyta kerfinu þolendum í hag.

3.3.3. Samantekt á viðtölum

Líkt og viðtölin gefa til kynna virðast refsingar ekki veita þolendum ofbeldis í nánnum samböndum sem hafa fengið nálgunarbann á maka sinn, nægjanlega vernd. Í öðru tilvikinu gat gerandi brotið ítrekað gegn nálgunarbanninu án raunverulegra lagalegra afleiðinga en í hinu hlaut gerandinn dóm vegna brota gegn nálgunarbanni og fleira en þrátt fyrir það komst hann endalaust upp með að brjóta gegn því. Konurnar töluðu þó báðar um að þeim hafi ekki fundist þær nægjanlega verndaðar á meðan banninu stóð.

Höfundur tók þá einnig viðtal við Sigprúði Guðmundsdóttur¹⁰², framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, sem kvað nálgunarbann miklu sjaldgæfara úrræði en eðlilegt er í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum. Aðeins örlítill hluti þeirra kvenna sem koma í Kvennaathvarfið

¹⁰² Viðtal við Sigprúði Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, tekið mánudaginn 28. mars 2022.

á ári hverju, eða um 2%, hafa fengið nálgunarbann á gerandann þrátt fyrir að um helmingur þeirra kvenna sem koma hafa einhvern tímunn óttast um líf sitt og 60% þeirra sem koma eru með áverka.

Þá minntust allar konurnar á að nálgunarbann er úrræði sem hefur mjög slæmt orðspor. Ef gerandi ætlar að hlíta nálgunarbanninu þá gerir hann það en ef hann ætlar ekki að hlíta því, þá gerir hann það ekki. Með takmörkuðum refsingum er verið að gefa geranda völdin til að skilgreina úrræðið sjálfur og hafa þar með ákveðin völd yfir þolanda.

3.4. Hvað telst „viðvarandi ástand“ í þessum málum?

Samkvæmt íslenskri nútímamálsorðabók er orðið viðvarandi skilgreint svo: „sem varir lengi, sem erfitt er að losna við“.¹⁰³ Gerendur vilja gjarnan halda þolendum í ákveðnu ástandi til þess að láta vita að ógnin er enn til staðar. Í nýjum dómi Landsréttar kemur eftirfarandi fram:

Dómur Landsréttar föstudaginn 1. apríl 2022 í máli nr. 399/2021. Aðili var sakfelldur fyrir líkamsárás og brot í nánu sambandi. Honum hafði áður verið gert að sæta nálgunarbanni og brotið gegn því. Í málinu var ákært fyrir endurtekin atvik sem áttu sér stað yfir 20 mánaða tímabil og fólu í sér ógn við þolendur. Það liðu í eitt skipti níu mánuðir frá háttsemi sem ákært var fyrir en dómurinn taldi að viðverandi ógnarástand hafi verið til staðar þrátt fyrir það. Ákæruliðir varðandi brotin voru heimfærðir undir 1. mgr. 218. gr. b. alm. hgl. og því var ekki dæmt sérstaklega fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. þrátt fyrir að brotin hafi vissulega átt sér stað en þau voru talin liður í að viðhalda ógnarástandi gagnvart þolendum.

Af dómi þessum má ráða að það getur liðið tími á milli háttsemi sem er brotleg, þ.e. skipta sem gerandi hefur samband við þolanda eða annað. Háttsemin þarf því ekki að hafa verið stöðug yfir ákveðið tímabil til þess að hægt sé að fallast á að hún hafi verið viðverandi.

3.5. Réttarstaðan á Norðurlöndum

3.5.1. Danmörk

Í Danmörku eru í gildi lög um nálgunarbann, brottvísun af heimili og búsetubann nr. 112/2012.¹⁰⁴ Tímarammi nálgunarbanns í Danmörku er töluvert víðari en hér á landi og hámark þess eru fimm ár, sbr. 5. gr. laga nr. 112/2012. Brottvísun af heimili er skilgreind í 7. gr. laganna og eru ákvarðanir um beitingu úrræðanna teknar af lögreglustjóra, líkt og á Íslandi, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna. Brottvísun af heimili er markaður hámarkstíminn fjórar vikur, sbr. 10. gr. laganna. Í Danmörku er

¹⁰³ Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, „Íslensk nútímamálsorðabók“ <<https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/45631>> Skoðað 12. apríl 2022.

¹⁰⁴ Lov nr. 112 af 2012.02.03 (tilholdsloven).

þá áhugavert úrræði sem kallast búsetubann og er þegar aðila er bannað að festa búsetu á tilteknum stað. Úrræði þetta er að finna í 3. gr. laga nr. 112/2012 og er ákvæðið svohljóðandi:

Ved opholdsforbud kan en person forbydes at opholde sig eller færdes i et nærmere afgrænset område i nærheden af en anden persons bolig eller arbejds-, uddannelses- eller opholdssted eller andet område, hvor denne ofte færdes.

Viðurlög við brotum gegn úrræðunum nálgunarbanni, brottvísun af heimili og búsetubanni, er að finna í 21. gr. laganna. 1. mgr. 21. gr. þeirra kveður á um að hver sá sem brýtur af ásetningi gegn úrræðunum getur þurft að greiða sekt eða hlotið fangelsisrefsingu allt að tveimur árum.

3.5.2. Svíþjóð

Í Svíþjóð gilda lög nr. 1988:688 um úrræðin nálgunarbann og brottvísun af heimili.¹⁰⁵ Samkvæmt 1. gr. laganna má banna aðila að heimsækja, setja sig í samband við aðila á einn eða annan hátt eða veita honum eftirför og eru þessi úrræði almennt kölluð samskiptabann. Þá er heimilt að setja á nálgunarbann ef rökstuddur grunur er á að sá sem þarf að hlíta banninu brjóti gegn aðila, ofsæki eða áreiti á annan hátt þann sem banninu er ætlað að vernda, sbr. 2. mgr. 1. gr. sænsku laganna um nálgunarbann. Áhugavert er að líta til 1. gr. a. laganna þar sem kemur fram að sá sem brottvísun af heimili á að vernda, þarf að gæta að því að sá sem ráðstöfuninni er ætlað að hlíta, fái aðgang að eignum sínum sem hann þarf af heimilinu. Ekki þarf að bera ákvörðun um nálgunarbann fyrir sænska dómstóla en þó er heimild í lögum til þess að gera það en alltaf þarf að bera úrskurð um brottvísun af heimili undir dómstóla samkvæmt 14. gr. laganna.

Um brot gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili er einnig fjallað í lögum nr. 1988:688, nánar tiltekið í kafla sem heitir á sænsku Överträdelse av kontaktförbud eða brot gegn samskiptabanni. Samkvæmt 24. gr. laganna er brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili með hámarks fangelsisrefsinguna eitt ár og það er einnig heimild til þess að beita einungis sektum eða engum refsingum vegna brots ef það er smávægilegt.

3.5.3. Noregur

Ákvæði um nálgunarbann og brottvísun af heimili má sjá í 17. kafla a. norsku sakamálalaganna¹⁰⁶, nánar tiltekið í 222. gr. a. Í Noregi er fjallað um þessi úrræði, sem sagt nálgunarbann og brottvísun af heimili, saman undir nafninu heimsóknarbann. Samkvæmt 1. mgr. 222. gr. a. laganna getur

¹⁰⁵ Lag (1988:688) om kontaktförbud.

¹⁰⁶ Lov om rettergangsmåten i straffesaker (straffeprosessloven) 22. mai 1981 nr. 25

ákærvaldið sett nálgunarbann á aðila ef talið er að hann muni fremja refsiverðan verknað, sbr. a-liður ákvæðisins, sitja um aðila, sbr. b-liður ákvæðisins, rjúfa frið aðila með öðrum hætti, sbr. c-liður ákvæðisins eða fremja háttsemi sem veldur öðrum skaða, sbr. d-liður ákvæðisins. Brottvísun af heimili er markaður hámarkstími í ákvæðinu sem eru þrjú mánuðir, ólíkt þeim eina mánuði sem mögulegt er að beita á Íslandi. Nálgunarbann gildir einnig í tiltekinn tíma, að hámarki eitt ár í senn.

Kveðið er á um brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili í 168. gr. norsku hegningarlögunanna¹⁰⁷. Af b-lið ákvæðisins má leiða að ef aðili brýtur bönn samkvæmt 222. gr. a. eða 222. gr. b. norsku sakamálaganna, sem er líkt og áður var rakið varða brot gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili, er fangelsisrefsing við brotinu allt að einu ári.

3.5.4. Finnland

Í Finnlandi er gildandi lagabálkur um nálgunarbann og eru þau númer 1998/898¹⁰⁸, lög þessi taka þá einnig til úrræðisins brottvísun af heimili. Útlistað er í 1. gr. laganna hvenær telst heimilt að beita úrræðunum nálgunarbann og brottvísun af heimili. Hámarkstími sem brottvísun af heimili er markað í Finnlandi eru þrjú mánuðir og nálgunarbann getur að mestu varað í eitt ár, sbr. 1. mgr. 7. gr. Ákvörðunarvald um beitingu nálgunarbanns liggur í höndum héraðsdómstóla líkt og kemur fram í 5. gr. finnsku laganna um nálgunarbann.

Þegar aðilar hafa brotið gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili ber að líta til finnsku hegningarlögunanna til þess að sjá refsingar þær sem aðilar geta hlotið þar í landi. Finnsku hegningarlögin eru nr. 1889/39.¹⁰⁹ Í a-lið 1. mgr. 9. gr. 16. kafla laganna er að finna ákvæðið um brot gegn nálgunarbann og brottvísun af heimili en þar er kveðið á um að brot gegn úrræðunum geti varðað sektum eða fangelsi allt að einu ári.

¹⁰⁷ Lov om straff (straffeloven) 20. mai 2005 nr. 28

¹⁰⁸ 1998/898 Laki lähestymiskiellost.

¹⁰⁹ 1889/39 Rikoslaki.

Lokaorð

Til þess að hægt sé að fara fram á nálgunarbann eða brottvísun af heimili þarf að gera kröfu um það, hvort sem það er krafa frá brotþola sjálfum, öðrum tengdum honum eða frá lögreglu. Í gegnum tíðina hefur samfélagið gagnrýnt hversu erfitt sé að fá úrskurð um nálgunarbann og hversu auðvelt er að brjóta gegn því án raunverulegra afleiðinga. Til eru margir úrskurðir og dómur dómstóla á öllum stigum þar sem fallist er á að beita nálgunarbanni eða brottvísun af heimili vegna *rökstudds gruns* um að aðili muni fremja refsivert brot.

Ofbeldi í nánum samböndum er algengara en margir halda og til eru margar tegundir og birtingarmyndir þess. Kveðið er á um ofbeldi í nánum samböndum í 218. gr. b. alm. hgl. og samkvæmt 1. mgr. er fangelsisrefsingin við því allt að sex árum en í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að ef brot er stórfellt eða framið á sérstaklega meiðandi eða sársaukafullan hátt, er heimilt að dæma fangelsisrefsingu allt að 16 árum. Hæstiréttur Íslands kvað nýlega upp stefnumarkandi dóma þar sem ofbeldi í nánu sambandi var heimfært undir 218. gr. b. en áður höfðu dómstólar heimfært brot af þessum toga undir 217. gr. alm. hgl. Með þessum fordæmisgefandi dómum er von til þess að fleiri sakfellingar verði á grundvelli ákvæðis 218. gr. b.

Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir nálgunarbann frábært úrræði á blaði en ekki nægjanlega notað í raunveruleikanum. Brotþolar eru gjarnan hræddir við að sækja um nálgunarbann af ótta við geranda og lögreglustjórar virðast ekki fara fram á nálgunarbann nema í allra alvarlegustu atvikunum en einungis 5% þeirra kvenna sem koma í athvarfið hafa fengið nálgunarbann á geranda. Samkvæmt skýrslu Lögreglunnar var fjöldi ágreininga er tengdust heimilisofbeldi 6325 á árunum 2019 til 2021 og fjöldi beiðna nálgunarbanns og brottvísunar af heimili 342 á sömu árum.¹¹⁰ Þá vísaði hún til þess að þolendur óttast að dómstólar samþykki ekki nálgunarbann eða brottvísun af heimili og þetta er staða sem er nauðsynlegt að breyta til þess að úrræðin virki sem ætla skal og verndi þá sem vernda þarf.

Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili eru gríðarlega skýr og viðurlög við brotum gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili er að finna í 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. fangelsisrefsingar eru allt að eitt ár eða tvö ár sé brotið ítrekað eða stórfellt. Það vekur upp

¹¹⁰ Lögreglan, „Heimilisofbeldi og ágreiningur“ (21. mars 2022) 1, 6. <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2022/03/Heimilisofbeldi-2014-2021-BI-sky%CC%81rsla-fyrir-ytri-vef.pdf?fbclid=IwAR0_D4NNhQe0dSFGOYdv7jzx47DDiJEKvraPjLkWyslUjTDFtTDB3Ujhsio> skoðað 10. maí 2022.

spurningar hjá höfundu hversu fáir dómur eru til í dómasafni um brot gegn úrræðunum vegna umræðu í samfélaginu síðustu ár um slík brot og hve auðvelt sé að brjóta gegn úrræðunum. Ef dómendum finnst nægar sannanir liggja fyrir broti gegn nálgunarbandi eða brottvísun af heimili í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum, er erfitt að sjá hverjar refsingarnar eru nákvæmlega vegna brotasamsteypu. Kröfur til sönnunar í sakamálum eru gríðarlega strangar og ber að túlka allan vafa sakborningi í hag.

Við ákvörðun refsingar vegna brota gegn nálgunarbandi eða brottvísun af heimili líta dómur almennt mikið til 6. t. l. 1. mgr. 70. gr. alm. hgl. er kveður á um endurtekin brot af eðlislíkum toga. Ítrekunarákvæði 71. gr. alm. hgl. og ítrekunarákvæði því er finna má í 2. másl. 1. mgr. 232. gr. alm. hgl. hefur ekki oft verið beitt saman af dómstólum og líklega er það vegna þess að heimildin í því síðarnefnda er fullnægjandi og ekki þörf hinni almennu ítrekunarheimild.

Af reynslusögum þeirra kvenna sem talað var við má draga þá ályktun að þeim fannst þær ekki hljóta nægjanlega vernd frá yfirvöldum í tengslum við nálgunarbandið sem þær fengu. Í öðru tilvikinu var sakfelld fyrir brot gegn nálgunarbandi ásamt öðrum brotum en í hinu tilvikinu hlaut gerandi dóm fyrir brot gegn valdstjórninni, sbr. 106. gr. alm. hgl. en ekki brot gegn nálgunarbandi, þrátt fyrir ítrekuð brot. Af sögu þolanda A má leiða að í því tilviki gat gerandi brotið ítrekað gegn nálgunarbandi og vakið hjá henni mikinn ótta án raunverulegra afleiðinga. Af sögu þolanda B má þá leiða að afleiðingarnar urðu fangelsisrefsing oftast en einu sinni en þrátt fyrir það gat hann endalaust brotið gegn banninu án raunverulegra afleiðinga. Samkvæmt þessum sögum virðist verndin ekki nægjanleg með neinum hætti en þó verður að taka fram að erfitt er að alhæfa á þessum grundvelli.

Réttarstaða á Norðurlöndunum er að mörgu leiti svipuð og á Íslandi. Þó ber að nefna að í Danmörku er tímarammi nálgunarbands allt að fimm ár og gæti þetta gagnast brotapolum á Íslandi þar sem að þeir þurfa þá ekki að sækja um endurnýjun árlega. Brottvísun af heimili má beita í allt að þrjá mánuði í Noregi og Finnlandi, sem gæti einnig gagnast brotapolum sem búa á sama heimili og gerandi og geta þá haft meiri tíma í að gera ráðstafanir. Þá má einnig vísa til þess að nálgunarband og brottvísun af heimili eru almennt ekki endurnýjuð nema ef ástandið er viðvarandi og áreiti geranda enn til staðar. Gerandi getur því tekið ákvörðun um að hlíta banninu en að því loknu farið aftur að áreita þolanda sem þarf þá að fara í gegnum allt ferlið aftur. Refsingar við brotum eru sambærilegar milli landa en spurning er hvort löggjafanum beri að líta til

nágrannalandanna varðandi tímalengd úrræðanna til að veita brotapolum lengri og betri vernd. Til þess að vernda brotþola betur væri meðal annars hægt að herða refsingar og dæma þyngri refsingar til þess að dómarmyndu hafa ákveðin varnaðaráhrif, það er hvata til að brjóta ekki gegn úrræðunum þar sem að refsingar eru þungar. Þá gæti verið nauðsynlegt að minnka skilorðsbindingar dóma í málum sem þessum til þess að þeir hafi enn frekari varnaðaráhrif fyrir gerendur.

Heimildaskrá

112, „Andlegt ofbeldi“ <<https://www.112.is/ofbeldi/andlegt-ofbeldi>>

Ainsworth J, „When police discursive violence interacts with intimate partner violence Domestic Violence as a risk factor for police-induced false confessions“ (2021) 8. árgangur (2. tölublað) Language and Law

„Austurríska leiðin samþykkt sem lög“ *RÚV* (6. nóvember 2011)

Brynhildur G. Fróvenz, *Kynbundið ofbeldi og forsendur við lagasetningu* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2009)

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnaldsdóttir, „Rannsókn á ofbeldi gegn konum“ (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingarmálaráðuneytið desember 2010)

Haller B, „The Austrian Legislation against Domestic Violence“ (jún 2005) <http://www.ikf.ac.at/english/austrian_legislation_against_domestic_violence.pdf>

Harris B og Vitis L, „Digital intrusions: technology, spatiality and violence against women“ (2020) 4. árgangur (3. tölublað) Journal of Gender-Based Violence

Ingibjörg Ruth Gulin, „Kynbundið ofbeldi í nánnum samböndum“ [2019] *Úlfljóttur*, vefrit

Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum* (Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2008)

Jafnréttisstofa, „Ístanbul samningurinn“ <<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/kynbundid-ofbeldi/istanbulsamningurinn>>

Kolbrún Benidiktisdóttir og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, „Afbrotið hefndarklám: Vandamál við saksókn brots sem ekki hefur verið skilgreint í lögum“ (2015) 68. árgangur (3. tölublað) *Úlfljóttur*, tímarit laganema

Kvennaathvarf, „Hvar fæ ég aðstoð?“ <<https://www.kvennaathvarf.is/fyrir-adstandendur/>>

——, „Skilgreiningar á heimilisofbeldi“ <<https://www.kvennaathvarf.is/ur-moppum/?fbclid=IwAR2MfVzOeHbTTGu5kYJU36WzFRlvVA417g5NYN1adVKtdW-QqVZBZd2NIVs>>

Kvenréttindafélag Íslands, „Hvað er stafrænt ofbeldi?“ <https://kvenrettindafelag.is/wp-content/uploads/2017/09/IS_Stafr%C3%A6nt-ofbeldi-Web.pdf?fbclid=IwAR2uQoR6hTzskOCctY_H2iBLJNGqMoihcfx8fHBOm9MPUbh2wFp14s2000>

Logar R, „The Austrian Model of Intervention in domestic violence cases“ (Domestic Abuse Intervention Center, Vienna and WAVE-Network)

Lögreglan, „Heimilisofbeldi og ágreiningur“ (21. mars 2022) <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2022/03/Heimilisofbeldi-2014-2021-BI-sky%CC%81rsla-fyrir-ytri-vef.pdf?fbclid=IwAR0_D4NNhQe0dSFGOYdv7jzx47DDiJEKvraPjLkWyslUjTDFtTDB3Ujhsi0>

Monckton-Smith J, „Intimate Partner Femicide: Using Foucauldian Analysis to Tracn an Eight Stage Progression to Homicide“ (2020) 26. árgangur (11. tölublað) Violence Against Women

Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex 2008)

Samtök um kvennaathvarf, „Ársskýrsla 2020“ (apríl 2020)

Sjúk Ást, „Kynferðisofbeldi“ <<https://sjukast.is/ofbeldi-og-sambond/kynferdisofbeldi/>>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, „Íslensk nútímamálsorðabók“ <<https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/45631>>

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Ákvæði hegningarlaga um ofbeldi í nánnum samböndum“ [2017] (1. tölublað) Tímarit Lögfræðinga

Women´s Center, Youth & Family Services, „Cycle of violence“ <<https://www.womenscenteryfs.org/index.php/get-info/prevention/education/14-cycle-of-violence>>

World Health Organization, „World report on violence and health“ (2000) <https://www.who.int/violence_injury_prevention/violence/world_report/en/full_en.pdf?ua=1>

——, „Devastatingly pervasive: 1 in 3 women globally experience violence“ <<https://www.who.int/news/item/09-03-2021-devastatingly-pervasive-1-in-3-women-globally-experience-violence?fbclid=IwAR3UcSoHA-0wLihhcHvsxT--syInL1gKKKFKfgYKHH-9QjBFAIHckYhCVMI>>

Polandi A, viðtal við höfund í gegnum tölvupóst (Reykjavík, 5. mars 2022)

Polandi B, viðtal við höfund (Reykjavík, 10. apríl 2022)